



## ÁRSSKÝRSLA SSA 2013





FÖSTUDAGUR 13. SEPTEMBER

- 9:30 Skráning fulltrúa -afhending gagna
- 10:00 Fundarsetning: Valdimar O. Hermannsson, form. stjórnar SSA.  
*Kosning fundarstjóra (2) og ritara (2).  
Kosning kjör- og kjörbréfanefnd (3) og nefndarnefndar (3).  
Skýrsla stjórnar SSA starfsárið 2012 - 2013: Valdimar O. Hermannsson, form. stjórnar SSA.  
Reikningar SSA 2012, end.sk. fjárhagsáætlun 2013, fjárhagsáætlun 2014, Ólafur Áki Ragnarsson  
Skýrslur stofnana er tengjast starfi SSA má finna á heimasíðunni: [www.austurbru.is](http://www.austurbru.is)  
Árskýrsla aðalfundar 2012 liggur frammi á fundinum.*
- 10:30 Fyrirspurnir og umræður. Skýrslu fyrir 2012 - 2013 og fjárhagsgögnum vísað til nefnda.
- 10:45 Tillögur frá stjórn og aðalfulltrúum lagðar fram til aðalfundar.
- 11:15 Ávörp  
A Fyrsti þingmaður Norðausturkjördæmis; Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra  
B Innanríkisráðuneytið; Stefanía Traustadóttir  
C Umræður og fyrirspurnir
- 12:30 Hádegisverður
- 13:15 Af hverju Austurland ?  
A Björg Björnsdóttir, nýr starfsmaður Austurbrúar  
B Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ  
C Umræður og fyrirspurnir
- 14:00 Austurbrú - kynning á starfssemi  
A Karl Sólvi Guðmundsson, framkvæmdastjóri
- 14:15 Umræður á borðum  
A Aðalfundarfulltrúum skipt í (6) hópa.  
Fulltrúar sviða Austurbrúar fara milli borða og hver fulltrúi hefur 15 mín á hverju borði.
- 15:30 Kaffihlé
- 15:45 Umræður á borðum, framhald  
A Hópstjóri frá einu borði fer yfir það sem kom fram í hópavinnunni.
- 16:45 Álit kjörbréfanefndar
- 17:00 Fundi frestað. Nefndastörf hefjast (tilkynnt um staðsetn. einstakra nefnda af fundarstj.).
- 18:00 Nefndastörfum frestað
- 18:15 Óvissuferð í boði Fjarðabyggðar
- 20:15 Hátíðarkvöldverður. Dagskrá í umsjón "heimamanna".
- Meðal dagskrárliða er afhending menningarverðlauna SSA

LAUGARDAGUR 14. SEPTEMBER

- 9:00 Framhald nefndastarfa  
A Gestir þingsins eru velkomnir að taka þátt í nefndarvinnu.
- 11:00 Hvernig löðum við fleiri íbúa að ?  
A Þóroddur Bjarnason, stjórnarformaður Byggðastofnunar  
B Janne Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls  
C Umræður og fyrirspurnir
- 12:30 Léttur hádegisverður
- 13:15 Afgreiðslur mála  
A Ársreikningur SSA 2012  
B Endurskoðuð fjárhagsáætlun SSA f. árið 2013  
C Fjárhagsáætlun SSA fyrir árið 2014  
D Nefndaálit og tillögur  
E Kosningar skv. samþykktum SSA  
Stjórn, varastjórn, endurskoðendur og skoðunarmenn
- 15:30 Áætluð fundarlok

Rétt til setu á fundinum eiga kjörnir fulltrúar aðildarsveitarfélaga SSA og gestir

Starfsnefndir á aðalfundinum

1. Nefndarnefnd (3)
2. Fjárhagsnefnd (3)
3. Kjör- og kjörbréfanefnd (3)
4. Allsherjar- og samstarfsnefnd
5. Byggða- og atvinnumálanefnd
6. Umhverfis- og samgöngunefnd
7. Mennta- og menningarmálanefnd
8. Laganefnd (3)

F.h. stjórnar SSA;

---

Ólafur Áki Ragnarsson

# Ávarp Valdimars O. Hermannssonar við setningu 47. aðalfundar SSA 13. og 14. september 2013

Fundarstaður: Eskifjörður, Kirkju- og menningarmiðstöð Austurlands

Forsætisráðherra, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, og aðrir þingmenn NA-kjördæmis, fulltrúar ráðuneyta sem hér eru, ágætu sveitarstjórnarfulltrúar af öllu Austurlandi, aðrir góðir gestir.

Fyrir hönd stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, SSA, býð ég ykkur hjartanlega velkomin til 47. aðalfundar SSA, sem haldinn er hér í Fjarðabyggð, að þessu sinni dagana 13. og 14. sept. 2013.

Við erum stödd hér í Kirkju- og menningarmiðstöð Austurlands, á Eskifirði, og hér fer fram margþætt starf auk hefðbundinna kirkjustarfa, enda er þetta öðrum þæði menningarhús. Hér er sérstaklega góður hljómburður, m.a. sökum fremur óvenjulegrar hönnunar byggingarinnar, og tónlistarfólk, söngvarar og kórar sækjast eftir því að fá að halda tónleika hér í þessu húsi, enda fylgir því sérhlutverk, að vera Tónlistarmiðstöð Austurlands, ein af þremur menningarmiðstöðvum á Austurlandi, hér á Eskifirði, á Seyðisfirði varðandi myndlist og Egilsstöðum er varðar sviðslistir.

Það er okkur sérstök ánægja að hafa hér sjálfan forsætisráðherra Íslands, sem jafnframt er fyrsti þingmaður okkar stóra NA-kjördæmis, þá er von á heilbrigðisráðherra og einnig er ánægjulegt að sjá aðra þá þingmenn okkar kjördæmis sem hér eru.

Nauðsynlegt er að nýta öll þau tækifæri sem gefast til þess að eiga góð og upplýsandi samskipti á milli þessara tveggja stjórnsýslustiga, þ.e. ríkisvaldsins og sveitarstjórnarstigsins, þó svo að mörg eftirfylgnin og hagsmunagæslan, ásamt samningum fyrir landshlutann, fari í auknu mæli í gegnum landshlutasamtök sveitarfélaga, (eins og SSA). Við höfum

nú elft landshlutann til stærri verkefna á mörgum sviðum, m.a. sérfræði- og stoðþjónustu, með sameiningu stoðstofnana í Austurbrú ses. Það á að ríma vel við stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar, um flutning á verkefnum og ábyrgð, ásamt tilheyrandi yfirráðum og fjármagni til landshlutanna, og styrkja þannig „hitt“ stjórnsýslustigið.

Persónulega, jafnvel sem formaður SSA, hef ég ekki talað fyrir því að við, í okkar fámenna en þó „stórasta landi í heimi“, stofnum til þriðja stjórnsýslustigsins, en með auknum verkefnaflutningi til landshlutasamtaka sveitarfélaga, þarf að skilgreina betur ábyrgð og verkaskiptingu aðila, og klárlega þarf að efla landshlutasamtökin með margvíslegum hætti.

Það má með nokkru sanni segja að við, sem erum kjörnir fulltrúar í sveitar- og bæjarstjórnnum landsins, séum fótgöngu-liðar fólksins í landinu, og með allt það góða fólk sem er í okkar stoðkerfi ásamt embættismönnum, gerum við eðlilega kröfu um það að hafa meiri áhrif á þróun mála í okkar nærsamfélagi. Við erum öll hluti af sama hagkerfinu á Íslandi, bæði í sókn og vörn, og héðan af Austurlandi kemur inn stór hluti af gjaldeyris-tekjum landsins, ásamt öðrum sköttum og gjöldum, og við ætlumst til þess að við fáum eðlilega hlutdeild af þjónustu hins opinbera, sem við eigum rétt á eins og aðrir landsmenn, og að tekið sé tillit til staðsetningar okkar á landinu, þ.e. að við erum lengst frá hinni sameiginlega greiddu þjónustu, sem er mest á höfuðborgarsvæðinu, hvort sem það er í menntun eða menningu, í heilbrigðisþjónustu eða löggæslu.

Þar munum við standa á okkar rétti, þegar hagræða þarf í opinberum rekstri.



En við þurfum líka að gera kröfur á okkur sjálf.

Við þurfum að skerpa ímynd okkar, hér á Austurlandi tækifæranna, upplýsa betur um það hvað störf okkar snúast, hvað við höfum að bjóða og fyrir hvaða hagsmuni við erum að berjast. En láta það ekki verða orðspor okkar, að við séum klofin og sundruð, þótt áherslur og hagsmunir einstakra sveitarfélaga í landshlutanum fari ekki saman í öllum málum, eins og dæmin sanna.

Og það leiðir hugann að m.a. samgöngumálum.

Sagt er að upphaf og endir allrar uppbyggilegrar umræðu hér á Austurlandi, snúist um samgöngumál.

Víða er þörf á bættum samgöngum, sem myndu stórauka samlegð og auðvelda alla samvinnu innan landshlutans, og um leið nýta betur fjárfestingar ríkisins, fyrirtækja og einstaklinga um allt Austurland. Ekki þarf að tíunda hér hvert mál fyrir sig, enda væri þar af nógu af taka. Hér á aðalfundinum verður sem fyrr fjallað, um áherslur okkar, sem flestum eru nú kunnar, þó þar geti sýnst sitt hverjum.

Ég vil þó nota tækifærið til þess að hvetja aðalfundarfulltrúa að leggja sig alla fram um að ná samkomulagi um aðalatriðin og leita frekar sérfræðiaðstoðar við nánari útfærslur á einstaka lausnum, fremur en að láta skerast í brýnu, sem getur tafið og spillt fyrir ásættanlegum málalokum.

Góðir aðalfundargestir.

Ég vænti þess að við eigum eftir að eiga hérna góðan aðalfund, í þessu fallega og friðsæla umhverfi. Á dagskrá eru mörg áhugaverð málefni til kynningar og umfjöllunar, m.a. ávörp frá forsætisráðherra, Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni og frá fulltrúa innanríkisráðuneytis. Björg Björnsdóttir, verkefnisstjóri hjá Austurbrú og Gylfi Arnbjörnsson frá ASÍ flytja erindi undir yfirskriftinni: Af hverju Austurland? Starfsemi Austurbrúar verður kynnt auk umræðna um kynningar og málefni. Nefndarstörf hefjast að því búnu en síðan verður óvissuferð í boði Fjarðabyggðar og hátíðarkvöldverður í umsjá heimamanna.

Við göngum hægt um gleðinnar dyr í kvöld, sofum hratt og vel í nótt, og mætum til áframhaldandi nefndarstarfa kl 09.00 og annara dagskrárlíða kl 11.00 en þá munu Þóroddur Bjarnasson, stjórnarformaður Byggðastofnunar og Janne Sigurðsson, forstjóri Alcoa flytja erindi undir yfirskriftinni: Hvernig löðum við fleiri íbúa að? Fundinum lýkur svo með afgreiðslu mála.

Tillaga hefur borist um að Einar Már Sigurðarsson og Þorbergur Hauksson verði skipaðir fundarstjórar og Gunnlaugur Sverrisson og Helga Guðrún Jónsdóttir (Gunnar Jónsson, til vara) verði fundarritarar.

Ef ekki eru aðrar tillögur um skipanina, þá vil ég biðja þau að taka við stjórn fundarins og segi þar með þennan 47. aðalfund SSA settan.







# Samband sveitarfélaga á Austurlandi

## Fundargerð 47. aðalfundar SSA

Haldinn í Kirkju- og menningarmiðstöðinni Eskifirði í Fjarðabyggð  
dagana 13. og 14. september 2013

### Föstudagur 13. september 2013

Dagskrá fundarins lá frammi og er hún þingskjal nr. 1.

#### 1. Fundarsetning

Valdimar O. Hermannsson, formaður SSA, setti aðalfundinn kl. 10:20 og bauð fundarmenn velkomna á fertugasta og sjöunda aðalfund sambandsins.

Að loknum inngangi gerði formaður tillögu um Einar Má Sigurðarson og Þorberg Hauksson sem fundarstjóra og Gunnlaug Sverrisson og Helgu Guðrúnu Jónasdóttur sem fundarritara. Tillögur samþykktar samhljóða. Fundarstjórar tóku síðan við stjórn fundarins og buðu fundarmenn velkomna til Fjarðabyggðar.

#### 2. Kosningar

Fundarstjóri bar upp tillögu um eftirtalda í nefndanefnd:

Páll Baldursson formaður, Eydís Ásbjörndóttir og Stefán Bogi Sveinsson.

Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar upp tillögu um eftirtalda í kjör- og kjörbréfanefnd:

Arnbjörg Sveinsdóttir formaður, Jón Björn Hákonarson og Sigríður E. Konráðsdóttir.

Samþykkt samhljóða.

#### 3. Skýrsla stjórnar

Valdimar O. Hermannsson fór yfir skýrslu stjórnar starfsárið 2012 - 2013.

Skýrslan fylgir fundargögnum sem þingskjal nr. 2. Vísað til allsherjarnefndar.

#### 4. Reikningar SSA

Ólafur Áki Ragnarsson kynnti reikninga SSA fyrir árið 2012, endurskoðaða fjárhagsáætlun 2013 ásamt fjárhagsáætlun fyrir árið 2014.

Greinargerð með ársreikningi 2012 - þingskjal nr. 3.

Ársreikningur SSA 2012 - þingskjal nr. 4.

Fjárhagsáætlun 2014 - þingskjal nr. 5.

Ársreikningi, greinargerð og fjárhagsáætlun vísað til fjárhagsnefndar. Ólafur Áki Ragnarsson minnti á að skýrslur eftirtalinnar stofnana hefðu verið lagðar fram í gögnum fundarmanna og verði vísað til viðeigandi starfsnefnda á fundinum.

#### 5. Skýrslur stofnana

Skýrslur stofnana sem tengjast SSA eru ekki lagðar fram á fundinum, en þær er að finna á heimasíðu SSA, [www.ssa.is](http://www.ssa.is)

#### 6. Ársskýrsla aðalfundar 2012

Ársskýrsla liggur frammi á fundinum.

#### 7. Fyrirspurnir og umræður

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar, ársreikning og fjárhagsáætlun.

Enginn kvaddi sér hljóðs.

#### 8. Tillögur frá stjórn og fulltrúum til aðalfundar

##### 8.1. Páll Björgvin Guðmundsson mælti fyrir tillögum stjórnar til meðferðar í allsherjar- og samstarfsnefnd. Þingskjal nr. 6

- Ályktun um málefni aldraðra
- Ályktun um verkaskiptingu heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og eftirlitsstofnana á vegum ríkisins
- Ályktun um heilbrigðisþjónustu
- Ályktun um samskipti ríkis og sveitarfélaga
- Ályktun um þjónustu ríkisstofnana

##### 8.2. Sigrún Blöndal mælti fyrir tillögum til stjórnar til meðferðar í mennta- og menningarmálanefnd. Þingskjal nr. 7

- Ályktun um leik-, grunn- og tónlistarskóla auk Skólaskrifstofu Austurlands
- Ályktun um menntun á framhaldsskólastigi á Austurlandi
- Ályktun um háskólamenntun og rannsóknir á Austurlandi
- Ályktun um úttekt á skólamálu
- Ályktun um svæðisútvarp RÚV á Austurlandi
- Ályktun um menningarsamninga
- Ályktun um menningarmiðstöðvar
- Ályktun um skipan og starfssvið Menningarráðs
- Ályktun um Make by Porpið
- Ályktun um menningarmál
- Ályktun um varðveislu menningarminja

##### 8.3. Vilhjálmur Jónsson mælti fyrir tillögum stjórnar til meðferðar í byggða- og atvinnumálanefnd. Þingskjal nr. 8

- Ályktun um nýtt Austurkjördæmi
- Ályktun um sérstakan suðning við jaðarbyggðir á starfssvæði SSA
- Ályktun um fjölgun starfa á vegum ríkisins á Austurlandi
- Ályktun um nytjaskógrækt
- Ályktun um jöfnun á dreifingarkostnaði raforku
- Ályktun um verktakastarfsemi á Austurlandi

- g. Ályktun um framlag til ferðamála og upplýsingamiðstöðva
- h. Ályktun um refa- og minkaveiðar
- i. Ályktun um stjórn hreindýraveiða
- j. Ályktun um skatta á raforkuframlæiðslu
- k. Ályktun um sjávarútvegsmál

#### 8.4. Gunnþórunn Ingólfssdóttir mælti fyrir tillögum stjórnar til meðferðar í samgöngu- og umhverfisnefnd. Þingskjal nr. 9

- a. Ályktun um jarðgangagerð
- b. Ályktun um nýframkvæmdir í vegagerð
- c. Ályktun um viðhald vega
- d. Ályktun um brýr
- e. Ályktun um almenningssamgöngur
- f. Ályktun um Egilsstaðaflugvöll
- g. Ályktun um innanlandsflug
- h. Ályktun um hafnir
- i. Ályktun um skemmtiferðaskip og ferjur
- j. Ályktun um fjarskipti
- k. Ályktun um fráveitumál
- l. Ályktun um lífrænan úrgang
- m. Ályktun um náttúruverndarnefndir
- n. Ályktun um stuðning við uppbyggingu á friðlýstum svæðum
- o. Ályktun um uppbyggingu á nýjum háspennumöstrum / raflínum

#### 8.5. Stefán Bogi Sveinsson mælti fyrir tillögum stjórnar til meðferðar í laganefnd.

##### Þingskjal nr. 10

- a. Drög að breytingum á samþykktum SSA.
- b. Drög að samþykktum fyrir nýjan Atvinnuþróunarsjóð Austurlands
- c. Erindisbréf samgöngunefndar SSA
- d. Erindisbréf samstarfsnefndar SSA

Fundarstjóri bað fundinum kveðju frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Jens Garðar Helgason gerði grein fyrir og las greinargerð er fylgri með ályktun um nýtt Austurkjördæmi. ( sjá þingskjal nr. 8 a)

#### 9. Ávörp gesta

##### 9.1. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra og fyrsti þingmaður Norðausturkjördæmis

Sigmundur ræddi í ávarpi sínu m.a. framkvæmdir við Norðfjarðargöng, íbúapróun, breytta stjórnskipan og samvinnu sveitarfélaga, nýja byggðaaáætlun og landshlutaáætlanir.

##### 9.2. Stefanía Traustadóttir sérfræðingur í innanríkisráðuneytinu

Stefanía bað fundinum kveðju Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra og Ragnhildar Hjaltadóttur ráðuneytisstjóra. Stefanía ræddi í ávarpi sínu m.a. sóknaráætlun landshluta, frumvarp um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og fyrirhugaðar breytingar á umdæmum sýslumanna.

##### 9.3. Umræður og fyrirspurnir

- 9.3.1. Stefán Bogi Sveinsson ræddi sóknaráætlanir landshluta, samstarf ráðuneyta og mikilvægi þess að fjármunir fylgi með verkefnum frá ríki til sveitarfélaga.

9.3.2. Arnbjörg Sveinsdóttir tók undir með Stefáni Boga um mikilvægi þess að verkefnum sem koma frá ráðuneytunum fylgi tími og peningar.

9.3.3. Jón Björn Hákonarson forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar bauð fundarmenn velkomna til Fjarðabyggðar og fór yfir dagskrá dagsins.

9.3.4. Steingrímur J. Sigfússon ræddi samstarf í landshlutum og tillögu um að endurvekja gamla Austurlandskjördæmið.

9.3.5. Héðinn Unnsteinsson frá forsætisráðuneytinu ræddi um sóknaráætlun landshluta.

9.3.6. Jens Garðar Helgason ræddi tillögu um að endurvekja gamla Austurlandskjördæmið.

9.3.7. Gunnar Jónsson ræddi tillögu um að endurvekja gamla Austurlandskjördæmið.

9.3.8. Kristján L. Möller ræddi tillögu um að endurvekja gamla Austurlandskjördæmið og Norðfjarðargöng.

9.3.9. Valdimar O. Hermannsson þakkaði ávörp og umræður.

Fundarhlé og hádegisverður frá kl. 12:15 – 13:15

#### 10. Af hverju Austurland?

##### 10.1. Björg Björnsdóttir – starfsmaður Austurbrúar

Björg fjallaði um búsetu á Austurlandi og landsbyggðinni versus búsetu á höfuðborgarsvæðinu.

##### 10.2. Gylfi Arnbjörnsson – framkvæmdastjóri ASÍ

Gylfi fjallaði um atvinnu- og menntamál. Gylfi ræddi m.a. styttingu náms til stúdentsprófs, eflingu iðnnáms, ábyrgð fyrirtækja á þjálfun starfsmanna og þörf á auknum sveigjanleika menntakerfisins. Gylfi telur að námsstyrkir fari of mikið til náms á háskólastigi og auka þurfi styrki til starfs- og verknáms.

##### 10.3. Umræður og fyrirspurnir

10.3.1. Stefán Bogi Sveinsson – Stefán benti á mikilvægi þess að hætta að tala um að efla verk- og tæknimenntun en láta þess í stað verkin tala og byrja að efla verk- og tæknimenntun. Stefán benti á að Færeyingar væru að þjónusta olíuiðnaðinn þrátt fyrir að vera ekki olíuþjóð. Af hverju eru Íslendingar ekki að sinna þjónustu við olíuiðnaðinn líkt og Færeyingar ?

10.3.2. Jón Björn Hákonarson – Efling iðn- og tæknimenntunar. Samfélagið þarf að hætta að tala iðn- og tæknimenntun niður. Sveitarfélög, fyrirtæki og verkalyðshreyfingin þurfa að taka höndum saman og breyta þessu.

10.3.3. Gylfi Arnbjörnsson – Benti á tækifæri sem ættu að felast í umframorku Kárahnjúkavirkjunar sem og mikilvægi þess að nýta þessa orku til atvinnuuppbyggingar á Austurlandi.

10.3.4. Jens Garðar Helgason – Benti á að innan framhalds-

skólanna séu starfsmenn sem dagað hafi þar uppi og dragi niður starf og gæði kennslu í skólunum. Er of mikil áhersla á bóklegt nám í iðnnámi?

10.3.5. Sigrún Blöndal – Ræddi kynningarmál framhaldsskólanna. Eru skólarnir á Austurlandi að sinna nægjanlega kynningu til barna sem búa e.t.v. ekki í alveg í næsta nágrenni við skólana ?

10.3.6. Valgerður Gunnarsdóttir – Ræddi skort á fjármagni í skólakerfinu og skort á samstarfi atvinnulífsins við skólakerfið. Atvinnulífið þyrfti að koma meira að því að segja til um framboð náms í skólunum og komi jafnframt að fjárhagslegum rekstri skólanna. Valgerður hvatti sveitarstjórnarmenn til að vera í sambandi við þingmenn og sérstaklega að upplýsa nýja þingmenn um málefni kjördæmisins.

10.3.7. Vilhjálmur Jónsson – Ræddi stofnun skóla á lýðháskólastigi á Seyðisfirði og kallaði eftir stuðningi við verkefnið.

10.3.8. Gylfi Arnbjörnsson – Ræddi stuttlega málefni lýðháskóla, gerði grein fyrir vandræðum við stofnun slíks skóla á árum áður en lýsti jafnframt yfir að hann væri hlynntur starfsemi slíks skóla.

## 11. Kynning á Austurbrú

### 11.1. Karl Sölvi Guðmundsson – framkvæmdastjóri

Karl kynnti starfsemi og þjónustu Austurbrúar, skipurit, auk vinnu sem farið hefur fram á síðustu mánuðum við stefnumótun stofnunarinnar.

## 12. Umræður á borðum

Fulltrúum var skipt í sex hópa og skipaður hópstjóri með hverjum hópi. Fulltrúar sviða Austurbrúar fóru á milli borða og hver fulltrúi var 15 mínútur á hverju borði.

Hópstjóri frá hverjum hóp fór yfir það sem fram kom í hópavinnu.

## 13. Álit kjör- og kjörbréfanefndar

Formaður kjör- og kjörbréfanefndar, Arnbjörg Sveinsdóttir, kynnti niðurstöðu nefndarinnar.

Þingsskjal nr. 11.

Kjörnir fulltrúar eru sem hér greinir:

### Fulltrúar sveitarfélaganna með seturétt á 47. aðalfundi SSA:

<i>Fjarðabyggð</i>	<i>Seyðisfjarðarkaupstaður</i>
Valdimar O. Hermannsson	Vilhjálmur Jónsson
Guðmundur Þorgrímsson	Daníel Björnsson
(Helga Guðrún Jónasd. laugard.)	Guðrún Katrín Árnadóttir
Stefán Már Guðmundsson	3
Eydís Ásbjörnsdóttir	
Gunnar Jónsson	
(Guðlaug Dana Andrésd. laugard.)	
Ævar Ármannsson	<i>Vopnafjarðarhreppur</i>
Jens Garðar Helgason	Sigríður Elva Konráðsd.
Ásta Kristín Sigurjónsdóttir	Bárður Jónasson
Jón Björn Hákonarson	Björn Hreinsson
Eiður Ragnarsson	3
Jósef Auðunn Friðriksson	
Elvar Jónsson	

Sævar Guðjónsson  
Páll Björgvin Guðmundsson  
14

*Fljótsdalshérað*  
Björn Ingimarsson  
Gunnar Jónsson  
Stefán Bogi Sveinsson  
Ragnhildur Rós Indriðadóttir  
Árni Kristinsson  
Páll Sigvaldason  
Guðlaugur Sæbjörnsson  
Eyrún Arnadóttir  
Karl Lauritzon  
Sigrún Harðardóttir  
Sigrún Blöndal  
11

*Djúpavogshreppur*  
Andrés Skúlason  
Gauti Jóhannesson  
2

*Borgarfjarðarhreppur*  
Jakob Sigurðsson  
1

*Breiðdalsvík*  
Páll Baldursson  
1

*Fljótsdalshreppur*  
Gunnþórunn Ingólfssdóttir  
1

**Samtals fulltrúar 36**

## 14. Álit nefndanefndar

**Páll Baldursson formaður nefndanefndar lagði fram tillögu nefndarinnar í þingskjali nr. 12.**

### Laganefnd

Stefán Bogi Sveinsson formaður  
Guðmundur Þorgrímsson  
Þórunn Egilsdóttir

### Fjárhagsnefnd

Þorsteinn Steinsson formaður  
Guðlaugur Sæbjörnsson  
Gunnar Jónsson (Fjarðabyggð)

### Allsherjar- og samstarfsnefnd

Páll Björgvin Guðmundsson formaður  
Ragnhildur Rós Indriðadóttir  
Sigrún Harðardóttir  
Eiður Ragnarsson  
Stefán Már Guðmundsson  
Páll Baldursson

### Byggða- og atvinnumálanefnd

Vilhjálmur Jónsson formaður  
Páll Sigvaldason  
Karl Lauritzon  
Ásta Kristín Sigurjónsdóttir  
Sævar Guðjónsson  
Gauti Jóhannesson

### Umhverfis- og samgöngunefnd

Gunnþórunn Ingólfssdóttir formaður  
Gunnar Jónsson (Fljótsdalshérað)  
Eyrún Arnadóttir  
Jón Björn Hákonarson  
Jens Garðar Helgason  
Elvar Jónsson  
Andrés Skúlason  
Daníel Björnsson  
Jakob Sigurðsson  
Bárður Jónasson

## Mennta- og menningarmálanefnd

Sigrún Blöndal formaður  
Björn Ingimarsson  
Árni Kristinsson  
Jósef Auðunn Friðriksson  
Ævar Ármannsson  
Eydís Ásbjörnsdóttir  
Guðrún Katrín Árnadóttir  
Björn Hreinsson  
Jón Þórðarson

Fundi frestað fram til kl. 09:00 laugardaginn 14. september.

Fundi fram haldið 14. september kl. 09:00 með nefndarstörfum.

Dagskrá framhaldið kl. 11:00 með fyrirlestrum.

## 15. Hvernig löðum við fleiri íbúa að?

### 15.1. Þóroddur Bjarnason – stjórnarformaður Byggðastofnunar

Þóroddur ræddi stefnumótandi byggðaáætlun 2010 – 2013 og heildstæða byggðastefnu 2014 – 2017, atvinnu og nýsköpun, atvinnuleysi, heilbrigðismál og útgjöld til málaflokka.

Mikið hefur breyst á Austurlandi í atvinnumálum á síðustu árum. Í máli Þórodds kom fram að þau svæði á landsbyggðinni sem eru í mestri hættu á að leggjast af, séu Vestfirðir og hluti af Vesturlandi, norðausturhornið og suðausturhornið. Þóroddur fór m.a. yfir þróun þéttbýlis á Austurlandi og þróun stærri byggðarkjarna á Austurlandi.

### 15.2. Janne Sigurðsson – forstjóri Alcoa Fjarðaáls

Janne ræddi starfsmannamál álvers Alcoa Fjarðaáls vítt og breytt og fór m.a. yfir störf, fjölskylduhagi, aðstæður og búsetu nokkurra starfsmanna.

### 15.3. Umræður og fyrirspurnir

15.3.1. Þorsteinn Steinsson – Þörf er á sértækum aðgerðum fyrir jaðarbyggðir.

15.3.2. Jens Garðar Helgason – Bar lof á starfsemi Alcoa í samfélaginu. Sóknarfæri liggja í öfluglu atvinnulífi. Lýsti yfir ánægju með þá framtíðarsýn sem kom fram í máli Þórodds Bjarnasonar.

15.3.3. Arnbjörg Sveinsdóttir – Flug er eina alvöru samgöngubótin fyrir Austfirðinga, af hverju er ekki hægt að niðurgreiða flugsamgöngur með sama hætti og samgöngur á landi?

15.3.4. Valdimar O. Hermannsson – Velti fyrir sér framtíð og stöðu Byggðastofnunar og samráðsvettvangi sveitarfélaga.

15.3.5. Jón Þórðarson – Íbúafjöldi á Borgarfirði eystri hefur ekkert breyst í hundruð ára og ekkert sem bendir til að byggð muni leggjast af næstu hundrað árin, þrátt fyrir að m.a. sé búið að taka heilbrigðisþjónustu af þorpínu.

15.3.6. Þóroddur og Janne svöruðu fyrirspurnum.

Hádegisverður 12:30 – 13:15

## 16. Fjárhagsnefnd

### Þorsteinn Steinsson hópstjóri flutti framsögu. Þingskjal nr. 13

Álit fjárhagsnefndar aðalfundar SSA 2013.

Þorsteinn Steinsson, hópstjóri. Með Þorsteini í nefndinni voru Guðlaugur Sæbjörnsson, Gunnar Jónsson og Guðlaug Dana Andrésdóttir.

Til nefndarinnar var vísað ársreikningi SSA fyrir árið 2012, fjárhagsáætlun SSA fyrir árið 2014 og endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir 2013.

Á fund nefndarinnar mættu einnig Karl Sölvi Guðmundsson, framkvæmdastjóri og Ólafur Áki, sem svöruðu fyrirspurnum nefndarmanna.

### Álit Fjárhagsnefndar á aðalfundi SSA 2013

#### 16.1. Ársreikningur 2012

Nefndin fór yfir reikninginn og þá greinargerð sem með honum fylgdi. Samkvæmt honum er rekstrarafkoma af reglulegri starfsemi tæplega 0,6 m.kr. en var áætluð 5,7 m.kr.

Í heild má segja að árið 2012 einkennist nokkuð af því að Austurbrú er að leggja úr vör. Áhrifa þess gætir bæði tekju og gjalda megin. Heildartekjur urðu þannig 91,5 m.kr. en voru áætlaðar 78,3 m.kr. Þessi munur skýrist að mestu vegna framlags v/AST að fjárhæð 12 m.kr. Heildargjöld af reglulegri starfsemi voru á hinn vænginn 91,8 m.kr. en voru áætluð 73,5 m.kr. Munar því þarna 18, 3 m.kr., sem að mestu skýrist á því að aukinn kostnaður var vegna vinnu við að koma Austurbrú á koppinn. Launakostnaður var til að mynda mun meiri en áætlað hafði verið af þessum sökum.

Lífeyrisskuldbindingar hækkuðu um 2,5 m.kr. milli ára. Rétt er einnig að geta þess sérstaklega að tekjur og gjöld vegna almenningssamgangna á svæðinu eru færðar upp í þessum reikningi og er um 4,4 m.kr., sem útgjöld fara framyfir framlög á þessum lið. Þennan kostnað þarf að sækja til ríkisins. Rétt er einnig að geta þess að leggja þurfti út 7,0 m.kr. lögbannskröfu í tengslum við málaferli vegna almenningssamgangna. Sú fjárhæð á að endurheimtast, þegar þeim málaferlum lýkur. Umframkostnaður þessi er brúaður með handbæru fé, sem var 24,5 m.kr. í upphafi árs en lækkar um 14,2 m.kr. og er því í árslok 10,3.

Við yfirferð fjárhagsnefndar á ársreikningnum kom í ljós villa í sjóðstreymi ársreikningsins þannig að handbært fé í árslok var talið vera 25,3 m.kr. en á að vera 10,3 m.kr. eins og fram hefur komið. Nýju sjóðstreymisyfirliti með leiðrétum tölum hefur verið dreift á fundinum.

Nefndin vill einnig beina því til stjórnar SSA að fjárhagsleg samskipti milli SSA og Austurbrúar verði aðgreind með skýrari hætti og leggur til að gerður verði, svo fljótt sem kostur er, samningur milli þessara aðila.

Fjárhagsnefnd telur sig hafa fengið eðlilegar skýringar á frávikum milli ársreiknings og áætlunar.

Fjárhagsnefnd leggur til að reikningurinn verði samþykktur með áorðnum breytingum sem fram koma í leiðrétu sjóðstreymisyfirliti og ítrekar ábendingu sína um gerð samnings um fjárhagsleg samskipti milli aðila.

### 16.2. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2013

Fjárhagsnefnd fór yfir endurskoðaða áætlun 2013. Nefndin leggur áherslu á að leitast verði við að framlög vegna almenningsamgangna dugi fyrir útlögðum kostnaði vegna þeirra. Fjárhagsnefnd leggur til að endurskoðuð áætlun 2013 verði samþykkt.

### 16.3. Fjárhagsáætlun 2014

Fjárhagsnefnd fór yfir fjárhagsáætlun 2014. Nefndin telur ekki ástæðu til þess að gera neinar breytingar á áætluninni, en vill þó sérstaklega benda á að mikilvægt sé að kostnaður vegna almenningsamgangna verði allur brúaður með framlagi frá ríki þ.a. SSA þurfi ekki að bera árlegan halla af þessum rekstri. Í áætluninni eru áætluð framlög vegna þessa þáttar 48,0 m.kr. en útgjöld 50,3 m.kr.

Fjárhagsnefnd leggur til að fjárhagsáætlun 2014 verði samþykkt eins og hún liggur fyrir.

Enginn tók til máls.

Pingskjal nr. 13 var borið undir atkvæði í heild sinni og samþykkt samhljóða.

## 17. Allsherjar- og samstarfsnefnd

### Páll Björgvin Guðmundsson flutti framsögu. Pingskjal nr. 14.

Tillögur allsherjar- og samstarfsnefndar

#### 17.1. Ályktun um málefni aldraðra

Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. og 14. september 2013 skorar á stjórnvöld og Samband íslenskra sveitarfélaga að undirbúa vel viðræður sín á milli um að sveitarfélögin taki yfir málefni aldraðra. Eftir að sveitarfélögin tóku yfir málefni fatlaðra er eðlilegt að nærþjónusta aldraðra í heimabyggð fari yfir til sveitarfélaganna enda fylgi honum eðlilegir tekjustofnar frá ríkisvaldinu. Málefni aldraðra verða sífellt umfangsmeiri í framtíðinni, öldruðum fer fjölgandi og er umsjón þess málaflokks best kominn í höndum sveitarfélaganna. Hér er um mikilvæga nærþjónustu að ræða, mikil skörun er í núverandi þjónustu og mikilvægt að þjónustan sé á einni hendi. Grundarvallaratriði er að nægt fjármagn fylgi umfanginu frá ríki til sveitarfélaga og kröfur um þjónustu séu kostnaðarmetnar fyrirfram.

#### 17.2. Ályktun um verkaskiptingu heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og eftirlitsstofnana á vegum ríkisins

Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. og 14. september 2013 skorar á ríkisvaldið að marka þá stefnu að Umhverfisstofnun og Matvælastofnun, sem báðar eru m.a samræmingarstofnanir fyrir heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna verði breytt í stjórnáslustofnanir og dregið úr eftirlitshlutverkum þeirra. Stofnunum verði gefið rými til að sinna samræmingarhlutverki, samskiptum við systurstofnanir í öðrum löndum og vinnu fyrir ráðuneytin. Stofnanirnar ættu að leiða vinnu við endurskoðun reglugerða, sem er orðið afar brýnt verkefni. Heilbrigðiseftirliti verði falið sem mest af eftirlitsverkefnum á grunni reglugerða og leiðbeininga sem unnar eru á grunni þeirra sem og reynslu sem þegar er fyrir hendi í eftirlitinu. Heilbrigðisfulltrúar eru sérfræðingar í eftirliti og geta á auðveldan og markvissan hátt sinnt eftirlitsverkefnum úr nærumhverfinu á hagkvæman hátt.

#### 17.3. Ályktun um heilbrigðisþjónustu

Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. og 14. september 2013 skorar á yfirvöld velferðar- og fjármála, Alþingi og ríkisstjórn Íslands, að standa vörð um þá heilbrigðisþjónustu sem nú er veitt í fjórðungnum, og treysta rekstrargrunn hennar eftir langvarandi niðurskurð og hagræðingu. Þessi mikilvæga nærþjónusta er grundvöllur búsetu, atvinnustarfsemi og frekari atvinnuppbyggingar í fjórðungnum. Óásættanlegt er að þjónustan verði skert meira en orðið er enda munu slíkar skerðingar valda auknu óöryggi meðal íbúa og fyrirtækja á Austurlandi og veikja þannig búsetuskilyrði. Sýnt hefur verið fram á m.a. í faglegu mati að flutningur heilbrigðisþjónustu út úr fjórðungnum eykur kostnað skattgreiðanda. Heilbrigðisþjónusta í nærumhverfi er einn mikilvægasti grunnþáttur í þjónustu við íbúa, ekki síst á jaðarsvæðum þar sem samgöngur eru erfiðar og því verða stjórnvöld að taka tillit til þeirra staðhátta sem einkenna Austurland þegar framlög til heilbrigðismála eru ákveðin. Fundurinn varar sérstaklega við því að skert verði sú bráða-, sérfræði- og fæðingþjónusta, sem nú er veitt í fjórðungnum. Íbúar alls Austurlands eiga skýlausan rétt samkvæmt núgildandi lögum, á ásættanlegu aðgengi að heilbrigðisþjónustu eins og aðrir landsmenn.

#### 17.4. Ályktun um samskipti ríkis og sveitarfélaga við flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga

Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. og 14. september er fylgjandi auknum flutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga, eða landshlutasamtaka þeirra, sem betur eiga heima í nærumhverfi sveitarstjórnarstigsins, en krefst þess jafnframt að íþyngjandi skilyrðum af hálfu ríkisvaldsins á hendur sveitarfélögum verði stillt í hof, og að þeim fylgi ávallt vandað kostnaðarmat og viðunandi tekjustofnar.

#### 17.5. Ályktun um þjónustu ríkisstofnana

Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. og 14. september 2013 leggur áherslu á að stjórnvöld nýti betur þann mannaauð og aðstöðu sem til staðar er í fjórðungnum í stað þess að senda starfsmenn með ærnum tilkostnaði frá höfuðstöðvum stofnana á höfuðborgarsvæðinu. Staðbundnar stofnanir eins og sýslumannsembætti og heilbrigðiseftirlit, svo dæmi sé tekin, eru vel til þess fallnar að sinna verkefnum við tollgæslu, matvælaeftirlit og fleira sem nú er verið að senda fólk landshluta á milli til þess að sinna.

#### 17.6. Ályktun um samstarf

Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. og 14. september 2013 fagnar þeim verkefnum sem unnin eru í samstarfi sveitarfélaga á Austurlandi. Má þar nefna samstarf á sviðum félagsþjónustu, í málefnum fatlaðra, rekstur skólaskrifstofu og Austurbrúar. Mikilvægt er að sveitarfélögin haldi áfram að leita leiða til að auka samstarf á ýmsum sviðum, íbúum fjórðungsins til hagsbóta.

Enginn tók til máls.

Pingskjal nr. 14 var borið undir atkvæði í heild sinni og samþykkt samhljóða.



## **18. Mennta- og menningarmálanefnd Sigrún Blöndal formaður flutti framsögu. Þingskjal nr. 15.**

Tillögur mennta- og menningarmálanefndar

### **18.1. Ályktun um úttekt á skólamálum á Austurlandi**

47. aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. og 14. september 2013 leggur til að gerð verði allsherjar úttekt á skólamálum í fjórðungnum. Tilgangur hennar væri að fá betri mynd af stöðu skólamála til að hægt sé að marka stefnu til lengri tíma. Reikna mætti með að slík úttekt tæki allt að tvö ár enda tæki hún yfir vítt svið menntunar og rannsókna.

### **18.2. Ályktun um leik-, grunn- og tónlistarskóla**

47. aðalfundur SSA í Fjarðabyggð 13. – 14. september 2013 áréttar að gott starf í leik- og grunnskólum er lykilatriði til að samfélög geti þrífist og dafnað. Mikilvægt er að samstaða og stuðningur sé í samfélaginu um það. Aðalfundur SSA hvetur starfsmenn og stjórnendur leik- og grunnskóla í fjórðungnum til aukins faglegs samstarfs með það fyrir augum að efla skólastarf. Sömuleiðis hvetur aðalfundurinn til þess að tónlistarskólar auki samstarf sitt því þannig má styrkja fjölbreytt námsframboð og að nemendur fái kennslu samkvæmt námskrá.

### **18.3. Ályktun um menntun á framhaldsskólastigi á Austurlandi**

47. aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. og 14. september 2013 hvetur stjórnvöld til að stuðla að bættri aðstöðu til framhaldsskólanáms á Austurlandi. Mikilvægt er að austfirskum ungmönnum bjóðist fjölbreytt nám sem stenst samanburð við það besta sem gerist. Þá er ekki síður mikilvægt að á Austurlandi sé boðið uppá nám sem tengist þeim fjölbreyttu framtíðarmöguleikum sem svæðið býður upp á. Fundurinn hvetur til aukins samstarfs framhaldsskóla með það að markmiði meðal annars að auka námsframboð.

### **18.4. Ályktun um háskólamenntun og rannsóknir á Austurlandi**

47. aðalfundur SSA í Fjarðabyggð 13. – 14. september 2013 vekur athygli á að í skýrslu Þóroddar Bjarnasonar og Jóns Þorvaldar Heiðarssonar „Skatttekjur og ríkisútgjöld í Norðausturkjördæmi“ kemur fram að verulega hallar á Austurland í háskóla og rannsóknastarfsemi á vegum ríkisins eða 500 milljónum. Afleiðing þessa er að a.m.k. 50 ársverk í þessum geira eru unnin annars staðar á landinu á kostnað Austfirðinga. Þetta veldur því einnig að meirihluti austfirskra ungmenna verður að sækja háskólamenntun annað og á ekki kost á vinnu við rannsóknir og önnur fræðastörf á heimaslóð. Með þessari mismunun er tryggt að stór hluti hvers árgangs austfirskra ungmenna setjist að utan fjórðungs að loknu námi. Skorað er á stjórn SSA að fylgja málinu eftir.

### **18.5. Ályktun um fjarnám**

47. aðalfundur SSA í Fjarðabyggð 13. – 14. september 2013 skorar á háskólastigið að móta sér stefnu varðandi fjarnám.

### **18.6. Ályktun um svæðisútlit RÚV á Austurlandi**

47. aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. og 14. september 2013 skorar á RÚV ohf. að koma aftur á svæðisútliti á Austurlandi og styrkja fréttáþjónustu í fjórðungnum svo tryggja megi sem best þáttagerð af svæðinu og síðast en ekki síst hlutlausan og vandaðan fréttaflutning.

### **18.7. Ályktun um menningarsamninga**

47. aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. og 14. september 2013 áréttar mikilvægi þess að tryggja þá stöðu gagnvart ríkisvaldinu sem Austurland hefur náð varðandi menningarsamninga. Mikilvægt er því að slaka ekki á kröfum varðandi reiknireglu við skiptingu fjármagns í menningarsamningum. Með þessu móti verður fast fjármagn til menningarmála á svæðinu best tryggt til framtíðar.

### **18.8. Ályktun um menningarmiðstöðvar**

47. aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. og 14. september 2013 ítrekar mikilvægi þess að fjármagni verði áfram veitt til menningarmiðstöðva í gegnum menningarsamning á starfsvæði SSA. Mikilvægt er að sækja meiri fjármuni til ríkisvaldsins í gegnum menningarsamninga þar sem hlutfallslega hefur dregið úr framlagi ríkisins í þessum efnum á sama tíma og sveitarfélögin hafa aukið sinn hlut.

### **18.9. Ályktun um menningarmál**

47. aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. og 14. september 2013 leggur til við Austurbrú sem enn er í mótun að þar verði ekki tekin of stór skref er varðar ákvarðanir og breytingar sem snerta menningarmál í fjórðungnum, s.s. skipan Menningarráðs og verkefni þess. Því er mikilvægt að hafa viðtækt og gott samráð um þennan málaflokk eins og aðra. Mikilvægast á þessum tíma-mótum er því að treysta þann grunn sem mótaður hefur verið um málaflokkinn og byggja svo ofan á hann í markvissum skrefum.

### **18.10. Ályktun um varðveislu menningarminja**

47. aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. og 14. september 2013 hvetur sveitarstjórnarfolk og aðra viðkomandi til að huga almennt betur að menningarverðmætum í héraði og reyna að tryggja sem best að mikilvægum menningarminjum verði ekki raskað. Menningartengd ferðaþjónusta er mjög vaxandi í fjórðungnum og eru mikilvæg menningarverðmæti eins og endurgerð og vernd gamalla húsa meðal annars mjög þýðingarmikill þáttur í uppbyggingu þessarar vaxandi atvinnugreinar.

Vísað til Byggða- og atvinnumálanefndar

### **18.11. Ályktun um Make by Þorpið**

47. aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. og 14. september 2013 áréttar mikilvægi þess að Austurbrú styðji áfram við verkefnið Make by Þorpið og haldi áfram að efla það mikilvæga starf sem þar hefur verið unnið. Mikilvægt er að ekki glatist árangur, þekking og tengslanet sem aflað hefur verið í gegnum verkefnið.

Enginn tók til máls.

Þingskjal nr. 15 var borið undir atkvæði í heild sinni og samþykkt samhljóða.

## **19. Byggða- og atvinnumálanefnd Vilhjálmur Jónsson flutti framsögu. Þingskjal nr. 16.**

Tillögur byggða- og atvinnumálanefndar

### **19.1. Ályktun um nýtt Austurkjördæmi**

Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. – 14. september 2013 leggur til við íslensk stjórnvöld að núverandi Norðausturkjördæmi verði skipt upp og að til verði nýtt Austurkjördæmi sem næði yfir núverandi starfssvæði SSA, frá Vopnafirði til Djúpavogs. Aðalfundur SSA beinir því til stjórnvalda að skoða þann möguleika að láta íbúa kjördæmisins kjósa um tillögu að slíkri breytingu samhliða komandi sveitarstjórnarkosningum.

### **19.2. Ályktun um sérstakan stuðning við jaðarbyggðir á starfssvæði SSA**

Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. – 14. september 2013 beinir því til stjórnvalda að tryggja framtíðar grunnþjónustu við íbúa hinna dreifðu byggða á svæðinu. Jafnframt standi SSA sameinað að baki þeim svæðum sem lengst þurfa að sækja þjónustu og haldi áfram að berjast fyrir bættum samgöngum inn á miðsvæðið. Jafnframt er ljóst að ákveðnar byggðir eiga við meiri erfiðleika að etja en aðrar og því þarf að gera úttekt og móta tillögur um hvernig mæta megi viðvarandi vanda þeirra sem fylgt verði eftir með markvissri aðgerðaáætlun og fjármagni.

### **19.3. Ályktun um fjölgun starfa á vegum ríkisins á Austurlandi**

Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. – 14. september 2013 leggur áherslu á að eitt af meginverkefnum SSA og Austurbrúar á næstu árum verði að færa fleiri opinber störf til Austurlands í samstarfi við ríkisvaldið. Fyrsti hluti verkefnisins, og þá um leið markmið komandi starfsárs, sé að amk. 30 störf komi inn í fjórðunginn og þeim verði fundinn staður sem víðast í fjórðungnum. Mikilvægt er í þessu samhengi að nýta þær breytingar í ríkisrekstri sem framundan eru, til þess að ná þessu markmiði og þá um leið hagkvæmari lausn fyrir hið opinbera.

### **19.4. Ályktun um nytjaskógrækt**

Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. – 14. september 2013 skorar á Alþingi að veita auknum fjármunum til svæðisbundinna skógræktarverkefna til áframhaldandi uppbyggingar, þannig að unnt verði að sinna betur því mikilvæga verkefni að styðja við og þróa aðferðir við viðarnytjar og að tryggja stöðugleika atvinnugreinarinnar til lengri tíma. Á Austurlandi eru að vaxa upp stór svæði klædd nytjaskógi sem munu til framtíðar litið geta skapað mikil verðmæti. Mikilvægt er að nú þegar verði fjármunum veitt í rannsóknir tengdum úrvinnslu og lögð verði áhersla á að úrvinnslustöð fyrir við rísi sem fyrst hér eystra.

### **19.5. Ályktun um jöfnun á dreifingarkostnaði raforku**

Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. – 14. september 2013 skorar á Alþingi að jafna að fullu raforkuverð til almennra nota í dreifbýli og í þéttbýli. Það er óásættanlegt að íbúum á dreifbýlli svæðum sé gert að greiða hærra verð fyrir grunnþjónustu eins og raforku, einkum þegar horft er til þess að víða háttar svo til að auðlindir sem nýttar eru til raforkuframleiðslu er einmitt að finna á eða í nágrenni við þau dreifbýlu svæði.

### **19.6. Ályktun um fjárfestingaverkefni á Austurlandi**

Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. – 14. september 2013 hvetur stjórnvöld til þess að ráðast í fyrirbyggjandi mannaflafrek fjárfestingaverkefni á Austurlandi. Slík fjárfesting er til þess fallin að varðveita þá þekkingu og reynslu sem býr hjá verktökum á Austurlandi og efla þennan mikilvæga geira til að takast á við framtíðarverkefni.

### **19.7. Ályktun um framlag til ferðamála og upplýsingamiðstöðva**

Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. – 14. september 2013 hvetur stjórnvöld til að auka stuðning við uppbyggingu ferðaþjónustu og grunnstöðir hennar sem sannanlega hefur skilað árangri og skipt sköpum fyrir þessa atvinnugrein. Mikilvægt er að byggt verði á þeim góða árangri sem þegar hefur náðst og að markvisst verði unnið að því að dreifa auknum fjölda ferðamanna um landið allt. Liður í þeirri viðleitni er að markaðssetja Egilsstaðaflugvöll til erlendra flugfélaga sem valkost við Keflavíkflugvöll.

Upplýsingamiðstöðvar eru afar mikilvægur þáttur í að fjölga áfangastöðum ferðamanna, vísa þeim leið og tryggja ánægjulega dvöl. Því skorar aðalfundur SSA á stjórnvöld að tryggja nægjanlegt fjármagn til upplýsingamiðstöðva á Austurlandi og að þeir fjármunir dugi til að þjónusta ferðamenn allt árið.

### **19.8. Ályktun um refa- og minkaveiðar**

Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. – 14. september 2013 skorar á ríkisvaldið að leggja nægjanlegt fjármagn til sveitarfélaga vegna nauðsynlegra refa- og minkaveiða. Veiðarnar stuðla að því, að unnt sé meta og draga úr tjóni af völdum refa og minka og tryggja nauðsynlegt jafnvægi í lífríkinu. Ljóst er að kostnaður vegna veiðanna leggst mjög misþungt á sveitarfélög og oft fellur mikill kostnaður á fámenn en landstór sveitarfélög. Fundurinn leggur enn fremur til að tryggðar verði endurgreiðslur á virðisaukaskatti til sveitarfélaganna vegna veiðanna. Þá hvetur aðalfundur SSA til þess að stjórnvöld falli frá þeim skilmálum sem settir voru í fjárlög fyrir árið 2013 fyrir greiðslum til sveitarfélaganna og komið hafa í veg fyrir greiðslur til þeirra vegna refaveiða.

### **19.9. Ályktun um stjórn hreindýraveiða**

Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. – 14. september 2013 hvetur umhverfis- og auðlindaráðherra til þess að hefja, í samráði við heimamenn, vinnu við nauðsynlegar lagabreytingar svo að umsýsla og stjórn hreindýraveiða verði í höndum stofnana á Austurlandi. Hreindýr eru auðlind sem fyrirfinnst aðeins á Austurlandi og því telur fundurinn eðlilegt að umsýsla og stjórnun sé staðsett í fjórðungnum. Jafnframt verði sveitarfélögum og hagsmunaaðilum á Austurlandi gert kleift að koma að mótun regluverks í málaflokknum þannig að veiðarnar geta skilað sem mestum arði fyrir austfirskt samfélag.

### **19.10. Ályktun um skatta á raforkuframleiðslu**

Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. – 14. september 2013 telur að leggja eigi áherslu á að breyta skattkerfi orkuvinnslu í þá veru sem gerist í Noregi, en þar njóta sveitarfélög á áhrifasvæðum virkjana beinna tekna af mannvirkjum og framleiðslu á raforku, sem enda upptaka með áhrifum sínum á tiltekin gæði sveitarfélaganna eftir atvikum. Fundurinn telur að

slík breyting sé nauðsynlegur liður í því að hámarka þjóðararð af nýtingu náttúruauðlinda og jafnframt tryggja að þeir sem búa við neikvæð áhrif af virkjunum, hafi af þeim tekjur til að bæta fyrir þau neikvæðu áhrif sem virkjun hefur á landgæði.

#### 19.11. Ályktun um sjávarútvegsmál

Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. – 14. september 2013 gerir þá kröfu til stjórnvalda

að þau tryggi að ákvarðanir um stjórn og fyrirkomulag fiskveiða séu undirbúnar og teknar í fullu samráði við fulltrúa sjávarbyggða. Fundurinn skorar jafnhliða á stjórnvöld að móta ábyrga byggðastefnu svo hægt verði að skapa varanlega framtíðarsýn og sátt um grunnatvinnuvegi og auðlindanýtingu sem er forsenda byggðar í landinu.

#### 19.12. Ályktun um sóknaráætlunaráform

Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. – 14. september 2013 skorar á stjórnvöld að fylgja eftir því starfi sem unnið hefur verið að undir merkjum sóknaráætlunar með langtíma framtíðarsýn að leiðarljósi og sveitarfélögin geta byggt stefnumörkun sína á. Jafnframt að stjórnvöld tryggi fjármagn til að fylgja áætlunum eftir. Í því sambandi verði ekki síst horft til auðlinda Ausurlands og áframvinnslu staðbundinna hráefna sem verða til í landshlutanum.

#### 19.13. Ályktun um að styrkja dreifkefi raforku

Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. – 14. september 2013 skorar á stjórnvöld að þau styrki flutningskerfi raforku sem ekki hefur staðið að fullu undir hlutverki sínu undanfarnin ár og hefur sem dæmi óstöðugleiki háð starfsemi fyrirtækja á Austurlandi sem reiða sig á raforku við starfsemi sína.

#### 19.14. Ályktun vísað frá mennta- og menningarnefnd til atvinnu- og byggðanefndar.

#### 19.15. Ályktun um Make by Þorpið

47. aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. – 14. september 2013 áréttar mikilvægi þess að Austurbrú styðji áfram við verkefnið Make by Þorpið og haldi áfram að efla það mikilvæga starf sem þar hefur verið unnið. Mikilvægt er að ekki glatist árangur, þekking og tengslanet sem aflað hefur verið í gegnum verkefnið.

Til máls tóku: Þorsteinn Steinsson og lagði til að ályktun 19.1. verði felld út, Jens Garðar Helgason lagði til að ályktun stæði óbreytt, Stefán Bogi Sveinsson lagði til að ályktun stæði óbreytt, Guðrún Katrín Árnadóttir, Valdimar O. Hermannsson lagði til að ályktun stæði óbreytt.

Þingskjal nr. 16 - ályktanir 19.2 til 19.13 og ályktun 18.11. samþykktar samhljóða.

Ályktun 19.1. samþykkt með meginþorra atkvæði - 7 á móti.

## 20. Laganefnd

### Stefán Bogi Sveinsson hópstjóri flutti framsögu. Þingskjal nr. 17.

Tillögur laganefndar.

#### 20.1. Ályktun um vinnu við breytingar á samþykktum SSA

Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. og 14. september 2013 felur stjórn SSA hefja þegar vinnu við heildarendurskoð-

un samþykktu SSA. Stjórn er falið að skipa vinnuhóp þriggja einstaklinga sem hafi þekkingu og reynslu af starfsemi SSA fyrr og nú til að gera tillögu að nýjum samþykktum. Fundurinn telur að meðal þess sem taka þurfi afstöðu til í starfshópnum séu eftirfarandi atriði:

- Hvort viðhalda eigi svæðaskiptingu SSA samkvæmt 2. gr. núgildandi samþykktum.
- Hvort halda eigi núgildandi fulltrúafyrirkomulagi á aðalfundi sbr. 6. gr. samþykktanna, eða hvort gera eigi ráð fyrir að allir kjörnir fulltrúar sveitarfélaganna sitji aðalfund.
- Hvort gera eigi breytingar á vægi atkvæða á aðalfundum frá því sem nú er sbr. 6. gr.
- Hvernig stjórn sambandsins skal skipuð sbr. 7. gr. núgildandi samþykktu.
- Hvernig formaður stjórnar er kjörinn og verkum innan stjórnar skipt að öðru leyti sbr. 8. gr. núgildandi samþykktu.
- Hvort kjósa beri skoðunarmenn reikninga sbr. 9. gr. núgildandi samþykktu.
- Hvernig ákvæði skulu vera um starfsmenn og daglega starfsemi SSA í ljósi tilurðar Austurbrúar.
- Hvernig aðildargjöld eru ákveðin, reiknuð út og greidd sbr. 11. gr. núgildandi samþykktu.

Starfshópurinn skal skila tillögum sínum til stjórnar fyrir 1. júní og stjórn skal leggja tillögur að breyttum samþykktum fyrir aðalfund SSA 2014 með lögmeðtalum fyrirvara.

#### 20.2. Ályktun um nýjan atvinnuþróunarsjóð

Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. og 14. september 2013 hvetur sveitarfélög á starfssvæði sambandsins til að ganga til samninga um nýjan atvinnuþróunarsjóð Austurlands sem staðsettur verði innan Austurbrúar. Samningur verði grundvallaður á þeim drögum sem unnin hafa verið innan stjórnar SSA, stjórnar núverandi Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands og sem laganefnd aðalfundar tók fyrir og hefur lagt fyrir fundinn með smávægilegum breytingum.

Aðalfundur veitir stjórn SSA heimild til að skipa bráðabirgðastjórn fyrir sjóðinn, náist samningar um stofnun hans, og til að ákveða framlag sveitarfélaga í hann fyrsta starfsárið. Skal það framlag vera í samræmi við það sem gerist um framlög í núverandi sjóð. Stjórn sjóðsins skal síðan kjörin samkvæmt ákvæðum samnings og framlaga sveitarfélaga í sjóðinn til næstu fjögurra ára verði síðan ákveðið á aðalfundi SSA 2014.

#### Samningur um Atvinnuþróunarsjóð Austurlands

Austurbrú ses kt. xxxxxx-xxxx, Samband sveitarfélaga á Austurlandi kt. xxxxxx-xxxx og sveitarfélögin Borgarfjarðarhreppur kt. xxxxxx-xxxx, Breiðdalshreppur kt. xxxxxx-xxxx, Djúpavogshreppur kt. xxxxxx-xxxx, Fjarðabyggð kt. xxxxxx-xxxx, Fljótsdalshérað kt. xxxxxx-xxxx, Fljótsdalshreppur kt. xxxxxx-xxxx, Seyðisfjarðarkaupstaður kt. xxxxxx-xxxx og Vopnafjarðarhreppur kt. xxxxxx-xxxx, gera með sér eftirfarandi samkomulag um starfsemi atvinnuþróunarsjóðs fyrir Austurland.

#### I. kafli Markmið samningsins

##### 1. grein

Ofangreindir aðilar samningsins sameinast um að til verði sjóður sem styrki og veiti fjármagn til atvinnuuppbyggingar á starfssvæði SSA. Sjóðurinn taki við hlutverki og eignum Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands við niðurlagningu hans. Tilgangur sjóðsins

er að stuðla að þróun og eflingu atvinnulífs á Austurlandi.

## II. kafli Hlutverk og skyldur samningsaðila

### 2. grein

Austurbrú varðveitir sjóðinn og skal hann vera hluti af stofnuninni en sérgreindur í ársreikningi Austurbrúar. Starfsmenn Austurbrúar skulu halda utan um sjóðinn og úthlutanir úr honum samkvæmt nánari ákvæðum samnings þessa. Framkvæmdastjóri Austurbrúar tilnefnir starfsmann eða starfsmenn þá sem halda utan um sjóðinn, boða til stjórnarfunda, auglýsa úthlutanir samkvæmt ákvörðun stjórnar atvinnuþróunarsjóðs, leiðbeina umsækjendum, taka við umsóknum, meta þær og gera tillögur um úthlutun samkvæmt verklags- og úthlutunarreglum sjóðsins.

### 3. grein

Sveitarfélögin sem eru aðilar að samningi þessum skuldbinda sig hvert og eitt til að greiða árlegt framlag til sjóðsins. Skal framlagið vera ákveðin krónutala á hvern íbúa í sveitarfélaginu og gilda í fjögur ár í senn. Krónutala skal ákveðin á aðalfundi SSA, en taka breytingum um hver áramót í samræmi við hækkun byggingarvísitölu Hagstofu Íslands í desember.

### 4. grein

SSA kemur fram fyrir hönd sveitarfélaganna gagnvart sjóðnum samkvæmt nánari ákvæðum samnings þessa. Fjórir stjórnarmenn í Atvinnuþróunarsjóði skulu kosnir til fjögurra ára, einn á hverjum aðalfundi SSA. Fimmti fulltrúinn, svokallaður flakkari skal SSA skal kosinn til eins árs í senn.

## III. kafli Hlutverk og starfsemi sjóðsins

### 5. grein

Sjóðurinn skal ná tilgangi sínum með eftirfarandi hætti:

- Úthlutun styrkja til að mæta kostnaði við sérfræðivinnu, sérstakar athuganir, rannsóknir og aðra upplýsingaöflun sem ætlað er að nýta við könnun á grundvelli fyrir nýjungum í atvinnustarfsemi á Austurlandi.
- Kaupum á hlutafé í nýjum fyrirtækjum sem stofnuð eru til að hafa með höndum starfsemi sem telja má til nýsköpunar í atvinnulífi á Austurlandi. Með nýjum fyrirtækjum er átt við fyrirtæki sem starfað hafa í skemmri tíma en tvö ár.
- Lánveitingum til reksturs nýrra fyrirtækja á þróunartíma þeirra sem miða skal við að sé þrjú ár frá stofndegi, til vöruþróunarverkefna starfandi fyrirtækja, til markaðssetningar á nýjum vörum og markaðsaðgerða sem miða að því að afla nýrra markaða fyrir austfirskar vörur og þjónustu og til öflunar á sérþekkingu sem nauðsynleg er vegna nýrrar starfsemi hjá fyrirtækjum.

### 6. grein

Kostnaður vegna umsýslu Austurbrúar með sjóðnum skal greiddur úr honum. Skal umsýslugjald þó aldrei vera hærra en sem nemur 20% af árlegu framlagi í sjóðinn.

### 7. grein

Stjórn Atvinnuþróunarsjóðs er heimilt, samkvæmt tillögu Austurbrúar, stjórnar SSA eða að eigin frumkvæði, að ákveða að taka úr sjóðnum árlega sem nemur allt að heildarframlagi ársins, að frádregnum umsýslukostnaði, og ráðstafa í tiltekið verkefni eða starfsemi á sviði atvinnumála, þróunar, markaðs-

fræðslu- eða upplýsingamála innan starfssvæðis SSA. Skilyrði er að verkefnið nái yfir stóran hluta af starfssvæði SSA og að ætla megi að það gagnist umtalsverðum fjölda fyrirtækja eða almennri uppbyggingu atvinnulífs á stórum hluta svæðisins.

### 8. grein

Stjórn Atvinnuþróunarsjóðs skal, í samráði við stjórn SSA setja verklags- og úthlutunarreglur fyrir sjóðinn. Drög að slíkum reglum skulu unnin af Austurbrú og lögð fyrir stjórn sjóðsins sem sendi þau til umsagnar stjórnar SSA.

Verklags og úthlutunarreglur skulu m.a. innihalda eftirfarandi atriði.

- Skilgreining á áherslum sjóðsins og leiðbeiningar til umsækjenda.
- Kalla skuli að jafnaði einu sinni á ári eftir umsóknum í sjóðinn, sbr. þó 7. gr. samningsins.

### 9. grein

Í reglum sjóðsins skal koma fram að fyrirgreiðsla úr sjóðnum sé háð því að verkefnið sé sannarlega vistuð innan þeirra sveitarfélaga sem greiða í sjóðinn. Stjórn Atvinnuþróunarsjóðs er þó heimilt að víkja frá þessum skilyrði þygi þau ekki eiga við. Einnig er heimilt að gera að skilyrði fyrir fyrirgreiðslu úr sjóðnum að styrkþegi sé skuldlaus aðili að Austurbrú eða SSA eftir því sem við á.

## IV. kafli Gildistími og uppsögn

### 10. grein

Samningur þessi tekur gildi við undirritun og er ótímabundinn. Aðilum hans er heimilt að segja samningnum upp með bréfi til annarra samningsaðila með árs fyrirvara, þannig að uppsögn sem berst fyrir áramót, taki endanlega gildi næstu áramót þar á eftir.

## V. kafli Önnur ákvæði

### 11. grein

Óski einhver samningsaðila eftir því að boðaður verði fundur fulltrúa samningsaðila til að ræða málefni sem honum tengjast skal beiðni um slíkt beint til stjórnar SSA sem skal boða til fundarins þannig að hann verði haldinn innan mánaðar.

## 20.3. Erindisbréf samgöngunefndar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi

### 1. gr.

Samgöngunefnd SSA er skipuð af aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, heyrir undir stjórn SSA og fer með þau málefni sem tengjast samgöngum og til umfjöllunar eru á vegum samtakanna.

### 2. gr.

Samgöngunefndin skal skipuð einum fulltrúa frá hverju sveitarfélagi og einum til vara. Gætt skal að jöfnu kynjahlutfalli við skipan nefndar. Nefndin kys sér sjálf formann í upphafi starfsárs. Formaður stjórnar SSA hefur seturétt á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

### 3. gr.

Hlutverk samgöngunefndar er að móta tillögur að samræmdri samgönguáætlun fyrir Austurland. Skal hún í því skyni vinna að

öflun upplýsinga um samgöngumál og grundvalla tillögur sínar á málefnalegum undirbúningi. Þá skal nefndin vinna að framgangi tillagna aðalfundar SSA í samgöngumálum, eiga samskipti við og afla upplýsinga frá samgönguyfirvöldum um stöðu áætlana og verkefna í samgöngumálum í fjórðungnum, vinna að öðrum samgöngutengdum verkefnum sem stjórn SSA kann að vísa til nefndarinnar.

4. gr.

Samgöngunefnd skal árlega skila skýrslu til stjórnar SSA um störf nefndarinnar og tillögur. Skýrslan verður síðan til umfjöllunar á aðalfundi SSA.

5. gr.

Samgöngunefnd er stjórn SSA til ráðgjafar varðandi umsagnir um þingmál sem tengjast samgöngum.

6. gr.

Fulltrúi sveitarstjórnarmála hjá Austurbrú ses. starfar með samgöngunefndinni. Hann undirbýr og boðar fundina í samráði við formann. Hann situr fundi nefndarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

7. gr.

Nefndin heldur fundi þegar verkefni liggja fyrir en þó eigi sjaldnar en þrisvar sinnum á ári. Skylt er að boða til fundar ef meirihluti aðalmanna í samgöngunefnd æskir þess.

8. gr.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir nefndarmenn eða varamenn í forföllum aðalmanna svo og aðrir sem seturétt eiga á fundinum verið boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og þeim jafnframt greint frá dagskrá fundarins. Að jafnaði skal boðað til funda með skriflegu fundarboði/tölvupósti og því skal að jafnaði fylgja afrit þeirra erinda sem til umfjöllunar eru. Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar samgöngunefndar getur fyrirvari um fundarboðun verið skemmri.

9. gr.

Fundargerðir samgöngunefndar skulu lagðar fyrir stjórn SSA og staðfestar af henni.

10. gr.

Samgöngunefnd getur enga samþykkt eða ályktun gert nema meirihluti hennar sitji fund. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Formlegum tillögum og ályktunum nefndarinnar skal ætíð beint til stjórnar eða aðalfundar SSA.

11. gr.

Rita skal fundargerðir nefndarinnar í sérstaka fundargerðarbók eða tölvuskrá þær skv. sveitarstjórnarlögum. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundir eru haldnir og hvenær þeim er slitid. Allar tillögur sem fram eru bornar skulu skráðar svo og samþykktir og ályktanir samgöngunefndar og skulu allir viðstaddir undirrita fundargerðina.

12. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnarsýslulögum nr. 37/1993 og samþykktum SSA.

#### **20.4. Erindisbréf samstarfsnefndar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi**

1. gr.

Samstarfsnefnd SSA er skipuð af aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, heyrir undir stjórn SSA og fer með þau málefni sem tengjast samstarfsverkefnum sveitarfélaga á

Austurlandi sem aðalfundur SSA eða stjórn SSA vísa til nefndarinnar til umfjöllunar.

2. gr.

Samstarfsnefndin skal skipuð einum fulltrúa frá hverju sveitarfélagi og einum til vara. Gætt skal að jöfnu kynjahlutfalli við skipan nefndar. Nefndin kys sér sjálf formann í upphafi starfsárs. Formaður stjórnar SSA hefur seturétt á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

Hlutverk Samstarfsnefndarinnar er meðal annars:

- Greina og vinna áfram að frekara samstarfi allra sveitarfélaga á starfssvæði SSA um einstök verkefni og málaflokka.

- Greina og vinna að verkefnaflutningi frá ríki til sveitarfélaga, með það í huga að sveitarfélögin á starfssvæði SSA leysi þau í sameiningu.

- Önnur samstarfsverkefni sem stjórn SSA kann að vísa til nefndarinnar.

4. gr.

Samstarfsnefnd skal árlega skila skýrslu til stjórnar SSA um störf nefndarinnar og tillögur. Skýrslan verður síðan til umfjöllunar á aðalfundi SSA.

5. gr.

Fulltrúi sveitarstjórnarmála hjá Austurbrú ses. starfar með samstarfsnefndinni. Hann undirbýr og boðar fundina í samráði við formann. Hann situr fundi nefndarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

6. gr.

Nefndin heldur fundi þegar verkefni liggja fyrir en þó eigi sjaldnar en þrisvar sinnum á ári. Skylt er að boða til fundar ef meirihluti aðalmanna í samstarfsnefndar æskir þess.

7. gr.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir nefndarmenn eða varamenn í forföllum aðalmanna svo og aðrir sem seturétt eiga á fundinum verið boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og þeim jafnframt greint frá dagskrá fundarins. Að jafnaði skal boðað til funda með skriflegu fundarboði/tölvupósti og því skal að jafnaði fylgja afrit þeirra erinda sem til umfjöllunar eru.

8. gr.

Fundargerðir samstarfsnefndar skulu lagðar fyrir stjórn SSA og staðfestar af henni.

9. gr.

Samstarfsnefnd getur enga samþykkt eða ályktun gert nema meirihluti hennar sitji fund. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Formlegum tillögum og ályktunum nefndarinnar skal ætíð beint til stjórnar eða aðalfundar SSA.

10. gr.

Rita skal fundargerðir nefndarinnar í sérstaka fundargerðarbók eða tölvuskrá þær skv. sveitarstjórnarlögum. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundir eru haldnir og hvenær þeim er slitid. Allar tillögur sem fram eru bornar skulu skráðar svo og samþykktir og ályktanir samstarfsnefndar og skulu allir viðstaddir undirrita fundargerðina.

11. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnarsýslulögum nr. 37/1993 og samþykktum SSA.

Til máls tók Arnbjörg Sveinsdóttir.

Pingskjal nr. 17 borið fram í heild sinni og samþykkt samhljóða.



## **21. Samgöngu- og umhverfisnefnd Gunnþórunn Ingólfsdóttir hópstjóri flutti framsögu. Þingskjal nr. 18**

Tillögur samgöngu- og umhverfisnefndar

### **21.1. Jarðgangagerð**

Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. – 14. september 2013 telur mikilvægt að jafnhliða gerð Norðfjarðarganga verði hafist handa við undirbúning á næstu göngum sem verði undir Fjarðarheiði, þannig að framkvæmdir geti hafist í beinu framhaldi af Norðfjarðagöngum. Þá verði hafnar rannsóknir og frekari undirbúningur á næstu göngum þar á eftir þ.e. milli Vopnafjarðar og Fljótshéraðs, undir Lónsheiði og metnir kostir frekari tenginga milli byggðarlaga á Austurlandi. Fundurinn leggur áherslu á að jarðgangagerð verði fjármögnuð með sérstökum hætti þannig að aðrar mikilvægar framkvæmdir í samgöngumálum fjórðungsins dragist ekki sökum fjárskorts.

### **21.2. Nýframkvæmdir í vegagerð**

Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. – 14. september 2013 leggur þunga áherslu á að uppbygging heilsársveggar um Öxi sé í forgangi vegagerðar á Austurlandi og framkvæmdir hefjist þar sem fyrst. Heilsársvegur um Öxi er brýnasta framkvæmd í vegagerð á Austurlandi að mati fundarins. Mikilvægt er því að koma framkvæmdinni í gang strax á árinu 2015 með verklokum eigi síðar en 2018. Mikilvægt er að með nýframkvæmd um Axarveg verði í sameiginlegu útboði leyst tvö brýn samgönguverkefni á þjóðvegi 1 sem eru órjúfanlegir hlutar Axarveggar þ.e. í botn Skriðdals og Berufjarðar. Jafnframt er brýnt að sinna helstu framkvæmdum s.s. að ljúka lagningu slitlags á Borgarfjarðarvegi, þjóðveg um Breiðdal, veginn um Jökulsárhlíð, Upphéraðsveg um Fell og efra Jökuldal og endurbyggingu á vegköflum um Suðurfjarðarveg.

### **21.3. Viðhald vega**

**Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. – 14. september 2013 skorar á Alþingi að veita mun meira fjármagni til viðhalds vega, þ.m.t. þjóðvega í þéttbýli og vetrarþjónustu í fjórðungnum.**

### **21.4. Brýr**

Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. – 14. september 2013 telur nauðsynlegt að ráðast í áttak til að fækka einbreiðum brúm, en á Austurlandi að finna stóran hluta einbreiðra brúa sem enn eru á þjóðvegi nr. 1 auk fjölmargra annarra og hefur fjórðungurinn verið látinn sitja verulega á hakanum þegar kemur að endurnýjun brúa.

Í ljósi ástands Lagarfljótsbrúar telur fundurinn að það þoli enga bið að finna nýrri Lagarfljótsbrú við Egilsstaði, stað í samgönguáætlun

### **21.5. Almenningsamgöngur**

Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. – 14. september 2013 fagnar þeirri vinnu sem farið hefur fram í heildstæðu skipulagi almenningsamgangna á landsvísi. Fundurinn telur mikilvægt að til þess að almenningsamgöngur verði raunhæfur valkostur á landsbyggðinni þurfi að auka verulega fjármagn til þeirra líkt og gert hefur verið á höfuðborgarsvæðinu. Þá er það mat fundarins að ef lagaumhverfi sem almenningsamgöngur búa við í dag verður ekki breytt þannig að þær fái skýrt

lagalegt umboð til sérleyfisaksturs, sé ekki réttlætanlegt að landshlutasamtök sveitarfélaga komi að slíkum rekstri.

### **21.6. Egilsstaðaflugvöllur**

Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13 – 14 september 2013 fagnar því fjármagni sem kom í gegnum Sóknaráætlun Austurlands kr. 10.0 milljónir til markaðssetningar Egilsstaðaflugvallar og telur mikilvægt að framhald verði á verkefninu. Þá hvetur fundurinn Austurbrú til að vinna að því að krafti að koma á millilandaflugi um Egilsstaðaflugvöll. Fundurinn telur að Egilsstaðaflugvöllur sé tiltölulega vel útbúinn til þess að taka við millilandaflugi. Nú þegar ferðamönnum fjölgar mikið og álag á Keflavíkurflugvöll er komið að þolmörkum er mikilvægt að nýta þá góðu aðstöðu sem til staðar er á Egilsstaðaflugvelli. Ráðast þarf í ákveðnar úrbætur við Egilsstaðaflugvöll svo hann geti þjónustað millilandaflug betur. Þar má nefna stækkun á flughlaði til að auka öryggi flugvallarins og notkun hans. Þá þarf áfram að tryggja framkvæmda- og rekstrarfé til flugvallarins þannig að hann geti staðið undir auknu álagi.

### **21.7. Innanlandsflug**

Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. – 14. september 2013 leggur áherslu á mikilvægi innanlandsflugs og í því sambandi er lögð áhersla á að áfram verði áætlunarflug til Vopnafjarðar með tengiflugi við Akureyri og nægjanlegu fjármagni sé veitt til endurnýjunar lendingarljósa og annara flugleiðsögu-tækja sem eru komin til ára sinna. Flugvellir í grunnneti á svæði SSA eru tveir þ.e. Egilsstaðaflugvöllur og Vopnafjarðarflugvöllur sem einungis þjónar innanlandsflugi. Flug er eini almenningsamgöngumátinn til og frá Vopnafirði. Lagt er til að engar breytingar verði gerðar á grunnnetinu hvað þetta mál varðar. Fundurinn leggur áherslu á mikilvægi þess að Norðfjarðarflugvöllur verði lagður bundnu slitlagi þannig að hann megi þjóna sjúkraflugi sem best. Fundurinn lýsir yfir þakkæti til þeirra fyrirtækja og einstaklinga sem beittu sér fyrir söfnun og uppsetningu á brautarlýsingu á Norðfjarðarflugvelli. Flugvöllurinn er nú betur í stakk búinn en áður að sinna öryggishlutverki sjúkraflugs fyrir Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupsstað. Þá er skorað á Ríkistjórn Íslands að setja á fót starfshóp með aðkomu landshlutasamtakana sem fari yfir verðlagningu á innanlandsflugi.

### **21.8. Þyrilusveit á Austurlandi**

Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. – 14. september 2013 leggur áherslu á að unnið verði að því að aðstaða og hluti útgerðar þyrlusveitar Landhelgisgæslunnar verði á Egilsstaðaflugvelli. Einnig verði tryggt að Egilsstaðaflugvöllur verði notaður sem flugmiðstöð vegna starfsemi sem tengd er hugsanlegri olíuleit á Drekasvæðinu, samanber tillögur sérferðinga þar um ( Þjónustumiðstöð við olíuleit á Drekasvæði-Aðstöðusköpun og staðarval, lðnaðarráðuneytið, Langanesbyggð og Vopnafjarðarhreppur 2008).

### **21.9. Reykjavíkurflugvöllur**

Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. – 14. september 2013 mótmælir harðlega þeim áformum að flugvöllurinn í Reykjavík verði fluttur úr Vatnsmýrinni og skorar á borgaryfirvöld og Alþingi að tryggja að flugsamgöngur við Reykjavík verði óbreyttar. Slíkt er alger forsenda fyrir íbúa þessa lands hvort sem litið er til sjúkraflugs, stjórnslu eða annarrar þjónustu sem í boði er í höfuðborg landsins alls.

Sveitarfélögin á starfssvæði SSA hafa margoft bent á þau neikvæðu áhrif sem það hefði á landsbyggðina ef miðstöð innanlandsflugs yrði flutt úr Reykjavík. Verði af því hlýtur ríkisvaldið að endurskoða uppbyggingu á opinberri þjónustu á höfuðborgarsvæðinu til að mæta þeim áhrifum sem slíkt hefði í för með sér fyrir landið allt.

Nýlegar kannanir um staðsetningu innanlandsflugs á höfuðborgarsvæðinu, sýna eindreginn vilja almennings til þess að flugvöllurinn verði áfram staðsettur í Vatnsmýrinni. Fundurinn hvetur borgarstjórn Reykjavíkur til að taka tillit til þess vilja og þarfa landsbyggðarinnar að góðu aðgengi að höfuðborg Íslands.

#### 21.10. Hafnir

Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. – 14. september 2013 lýsir ánægju sinni með þá ákvörðun skipafélaganna að hefja strandsiglingar að nýju. Strandsiglingar skapa fyrirtækjum á landsbyggðinni aukna möguleika á inn- og útflutningi og auka tækifæri hafna til að markaðsetja sig. Aðalfundurinn leggur áherslu á að haldið verði áfram að styrkja hafnarframkvæmdir í samræmi við hljóðan 24.gr. hafnarlaga og að við endurskoðun laganna verði tekið tillit til mikilvægi þess að auk nýframkvæmda taki þau til meiriháttar viðhalds hafna.

#### 21.11. Skemmtiferðaskip - ferjur

Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. – 14. september 2013 telur mikilvægt að sveitarfélög í fjórðungnum vinni saman og hafi samráð um markaðsetningu og móttöku skemmtiferðaskipa og tryggji um leið að kröftunum verði ekki dreift of víða. Mikilvægt er að nýta uppbyggingu ferjuhafnar á Seyðisfirði og byggja undir reynslu og þekkingu sem þar hefur skapast á móttöku ferju- og skemmtiferðaskipa með því að markaðssetja aðstöðuna sem helstu ferju- og skemmtiferðaskipahöfn Austurlands.

#### 21.12. Fjarskipti

Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. – 14. september 2013 fagnar því framtaki Símans að tengja bæjarfélög á Austurlandi ljósnetinu. Fundurinn telur mikilvægt að við slíka framkvæmd verði allir þéttbýliskjarnar á Austurlandi stórir sem smáir tengdir ljósnetinu í átaki Símans og dreifbýlum svæðum sinnt á sama máta og þéttbýli varðandi möguleika á háhraðatengingum. Fundurinn leggur áherslu á það sanngirnismál að allir íbúar landsins hvort sem þeir búa í þéttbýli eða dreifbýli eigi kost á háhraðatengingu sem stenst nútímakröfur.

#### 21.13. Fráveitumál

Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. og 14. september 2013 telur að fráveitumál, ásamt málefnum úrgangs, séu eitt mikilvægasta umhverfismál sveitarfélaga. Aðalfundur hvetur aðildarsveitarfélög SSA og HAUST til að vinna markvisst að úrbótum í fráveitumálum er skorað á ríkisstjórn landsins að koma aftur á styrkjum svipuðum þeim sem fráveitunefnd veitti til ársins 2008 og einnig að endurskoða kröfur sem gerðar eru til hreinsunar skólps.

#### 21.14. Lífrænn úrgangur

Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. – 14. september 2013 leggur til við SSA að hafin verði vinna við að leita sameiginlegra lausna varðandi lífrænan úrgang sem fellur til á starfssvæðinu með það að markmiði að draga úr kostnaði og um leið reyna að hámarka nýtingu þess úrgangs sem fellur til frá heimilum og fyrirtækjum.

#### 21.15. Stuðningur við uppbyggingu á friðlýstum svæðum

Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. – 14. september 2013 áréttar að umsjón og eftirlit með friðlýstum svæðum sé að öllu jöfnu best fyrirkomið hjá aðilum heima í héraði. SSA hvetur jafnframt ríkisvaldið til að leggja til mun meiri fjármuni til uppbyggingar á friðlýstum svæðum, þannig að sveitarfélög sjái sér í ríkara mæli hag til þess að taka að sér umsjá og rekstur slíkra svæða.

#### 21.16. Tvö mikilvæg samgönguverkefni

Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. – 14. september 2013 lýsir yfir mikilli ánægju með tvö mikilvæg samgönguverkefni á Austurlandi sem unnið hefur verið að. Á haustdögum 2013 er þess að vænta að nýbyggingu vegar um Vopnafjarðarheiði verði lokið og hafin gerð Norðfjarðarganga, hvoru tveggja langþráðar samgöngubætur.

Björn Ingimarsson óskaði eftir að ályktun um legu þjóðveg nr. 1 yrði sett á dagskrá.

#### Ályktun um legu þjóðveg nr. 1 – Þingskjal nr. 19

Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. og 14. september 2013 beinir því til Vegagerðarinnar að fram fari mat á legu þjóðveg nr. 1 um Austurland með tilliti til ýmissa samfélagsþátta, svo sem vetrarþjónustu, öryggis og ferðatíma. Jafnframt er óskað eftir því að niðurstöður matsins verði kynntar Samgöngunefnd SSA sem fyrst.

Flutningsmenn Björn Ingimarsson og Páll Björgvin Guðmundsson.

Fundurinn samþykkir með meginþorra atkvæða að taka ályktun um legu þjóðveg nr. 1 á dagskrá – 2 á móti ( Fulltrúar Djúpavogshrepps )

Guðrún Katrín Árnadóttir - Breytingartillaga við ályktun 21.1. jarðgangagerð.

Leggur til orðalagsbreytingu á 5.línu í ályktun 21.1. „..... kostir frekari tenginga milli byggðarlaga á Mið - Austurlandi“

Páll Baldursson – styður ályktun um þjóðveg 1.

Eiður Ragnarsson – ræddi verðlagning á innanlandsflugi.

Vilhjálmur Jónsson – Breytingartillaga við ályktun 21.11. um skemmtiferðaskip og ferjur.

Í stað orðanna „....og hafi samráð um“ komi orðið „að“

Jakob Sigurðsson – Leggur til að ályktun 21.1. jarðaganga-gerð, eigi að vera óbreytt þar sem „Mið-Austurland“ útiloki Borgarfjörð eystri.

Guðrún Katrín Árnadóttir - Telur ekki að tillaga um að bæða við „Mið – Austurland“ sé að útiloka Borgarfjörð eystri.

Stefán Bogi Sveinsson – Tekur undir með Guðrúnu Katrínu en telur engu að síður að „Mið-Austurland“ eigi ekki heima í orðalagi tillögunnar.

Ályktanir í þingskjali 18 samþykkar samhljóða utan ályktanir 21.1. og 21.11. sem bornar voru upp sérstaklega.

Ályktun 21.1. Jarðgangagerð.

Breytingartillaga Guðrúnar Katrínar um að bæta við orðinu „Mið“ fyrir framan orðið Austurland í 5.línu, felld með meginþorra atkvæða.

**Ályktun 21.11. um skemmtiferðaskip og ferjur, samþykkt samhljóða.**

**Pingskjal 19 - Lega þjóðvegur 1 – samþykkt með meginþorra atkvæða – 2 á móti.**

**Ályktun 21.1. um jarðgangagerð samþykkt samhljóða.**

Breytingartillaga Vilhjálms við ályktun 21.11. samþykkt samhljóða.

## **22. Kosningar samkvæmt samþykktum SSA.**

**Formaður kjörnefndar Arnbjörg Sveinsdóttir flutti framsögu. Pingskjal nr. 20.**

Tillögur kjörnefndar til aðalfundar SSA í Fjarðabyggð 13. og 14. september 2013:

### **Stjórn SSA 2013:**

Valdimar Hermannsson	Fjarðabyggð	
Stefán Bogi Sveinsson	Fljótsdalshérað	
Arnbjörg Sveinsdóttir	Seyðisfjarðarkaupstaður	
Gauti Jóhannesson	Djúpavogshreppur	
Jón Björn Hákonarson	Fjarðabyggð	<i>flakkari</i>
Unnur Björgvinsdóttir	Breiðdalshreppur	
Pórunn Egilsdóttir	Vopnafjarðarhreppur	

### **Varastjórn:**

Andrés Skúlason	Djúpavogshreppur	
Bárður Jónasson	Vopnafjarðarhreppur	
Páll Baldursson	Breiðdalshreppur	
Gunnþórunn Ingólfssdóttir	Fljótsdalshreppur	
Eydís Ásbjörnsdóttir	Fjarðabyggð	<i>flakkari</i>
Jón Þórðarson	Borgarfjarðarhreppur	
Vilhjálmur Jónsson	Seyðisfjarðarkaupstaður	

### **Skoðunarmenn 2013**

Pórunn Hálfðánardóttir	Fljótsdalshérað	Ólafía Stefánsdóttir	Seyðisfj.
Gunnlaugur Guðjónsson	Fljótsdalshérað	Ómar Bogason	Seyðisfj.

### **Samstarfsnefnd**

	<b>Aðalmenn:</b>	<b>Varamenn:</b>
Vopnafjarðarhreppur	Guðrún Anna Guðnadóttir	Þorsteinn Steinsson
Borgarfjarðarhreppur	Jón Þórðarson	Jakob Sigurðsson
Fljótsdalshérað	Gunnhildur Ingvarsdóttir	Karl Lauritsson
Fljótsdalshreppur	Jóhann Þórhallsson	Gunnþórunn Ingólfssdóttir
Seyðisfjarðarkaupstaður	Margrét Guðjónsdóttir	Vilhjálmur Jónsson
Fjarðabyggð	Jens Garðar Helgason	Eydís Ásbjörnsdóttir
Breiðdalshreppur	Páll Baldursson	Kristín Ársælsdóttir
Djúpavogshreppur	Pórdís Sigurðardóttir	Albert Jensson

## Samgöngunefnd

	Aðalmenn:	Varamenn:
Vopnafjarðarhreppur	Þorsteinn Steinsson	Guðrún Anna Guðnadóttir
Borgarfjarðarhreppur	Jakob Sigurðsson	Jón Þórðarson
Fljótsdalshérað	Sigrún Blöndal	Gunnar Jónsson
Fljótsdalshreppur	Gunnþórunn Ingólfssdóttir	Jóhann Þórhallsson
Seyðisfjarðarkaupstaður	Daníel Björnsson	Guðrún Katrín Árnadóttir
Fjarðabyggð	Ásta Kristín Sigurjónsdóttir	Páll Björgvin Guðmundsson
Breiðdalshreppur	Unnur Björgvinsdóttir	Gunnlaugur Ingólfsson
Djúpavogshreppur	Andrés Skúlason	Sóley Dögg Birgisdóttir

## Kjör- og kjörbréfanefnd:

Arnbjörg Sveinsdóttir	Jón Björn Hákonarson	Sigríður Elva Konráðsdóttir
-----------------------	----------------------	-----------------------------

Tillaga samþykkt með lófaklappi.

## 23. Fundarslit

Þorsteinn Steinsson tók til máls og bauð Vopnafjörð fram sem næsta fundarstað fyrir aðalfund SSA 2014. Valdimar O. Hermannsson þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund, Ólafi Áka Ragnarssyni og starfsmönnum Austurbrúar og sérstaklega heimasveitarfélagi fyrir góða aðstöðu og starfsmönnum fundarins fyrir þeirra vinnu. Valdimar óskaði fundarmönnum einnig góðrar heimferðar.

Að því sögðu sleit Valdimar 47. aðalfundi SSA kl. 15:06.

# Skýrsla stjórnar SSA Starfsárið 2012 - 2013

Til 48. aðalfundar SSA 19. - 20. september 2014

## AÐALFUNDUR 2012:

Á 46. aðalfundi SSA sem haldinn var á Borgarfirði eystri dagana 14. og 15. september 2012 voru eftirtaldir kosnir í stjórn SSA starfsárið 2012-2013:

### Aðalmenn:

Valdimar O. Hermannsson  
Stefán Bogi Sveinsson  
Arnbjörg Sveinsdóttir  
Gauti Jóhannesson  
Sigrún Blöndal  
Unnur Björgvinsdóttir  
Þórunn Egilsdóttir

### Varamenn:

Jón Björn Hákonarson  
Jón Þórðarson  
Vilhjálmur Jónsson  
Andrés Skúlason  
Gunnþórunn Ingólfssdóttir  
Gunnlaugur Ingólfsson  
Bárður Jónasson

Á fyrsta fundi stjórnar var Valdimar O. Hermannsson kjörinn formaður, fyrsti varaformaður Arnbjörg Sveinsdóttir og annar varaformaður Gauti Jóhannesson. Eiga þau því samhlíða sæti í framkvæmdaráði stjórnar SSA.

Tvær nefndir starfa á vegum SSA á milli aðalfunda. Annars vegar átta manna nefnd um samgöngumál þar sem fulltrúar koma frá öllum sveitarfélögum á Austurlandi og hins vegar samstarfsnefnd sem í sitja átta fulltrúar frá sveitarfélögum. Finna má upplýsingar um fulltrúa í nefndunum ásamt samþykktum fyrir nefndirnar á heimasíðu Austurbrúar.

Eins og komið hefur fram var aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð. Fundurinn var með breyttu sniði, í framhaldi af skoðanakönnun sem gerð var á meðal sveitarstjórnarmanna á Austurlandi um form aðalfundar. Eins og á fyrri fundum var fjallað um hin ýmsu mál sem snerta fjórðunginn í heild. Þá var samþykkt að fara í vinnu við endurskoðun á samþykktum SSA. Sú vinna stendur yfir og stefnir starfshópur, sem tilnefndur var til

að koma með tillögur að breyttum samþykktum, á að skila niðurstöðum í júní. Þær verða teknar fyrir á aðalfundi sambandsins í september.

## STJÓRNAR- OG FRAMKVÆMDARÁÐS- FUNDIR

Á milli aðalfunda 2012-2013, sem skýrsla þessi tekur yfir og telst starfsár sambandsins, voru haldnir 10 stjórnarfundir og 6 framkvæmdaráðsfundir. Sem fyrr er reynt að dreifa fundum um starfsvæði SSA. Segja má að starf stjórnar hafi verið nokkuð hefðbundið og verkefni hennar snerta flesta þætti austfirks samfélags.

Samþykktir aðalfundar tóku á þeim málum sem fulltrúar á fundinum telja mikilvæg og brýn fyrir landshlutann svo gott mannlíf geti blómstrað með kröftugum fyrirtækjum.

Fundargerðir stjórnar, ályktanir og erindi aðalfundar sem og samþykktir fyrir nefndir má finna inn á heimasíðu Austurbrúar undir sveitarstjórnarmál.





## STARFSMANNAHALD Á SKRIFSTOFU

Austurbrú leigði skrifstofuaðstöðu af Djúpvogshreppi fyrir fulltrúa sveitarstjórnarmála sem vann að málefnum SSA í umboði framkvæmdarstjóra Austurbrúar. Bókhalð SSA er fært af fjármála- stjóra Austurbrúar og endurskoðunar- fyrirtækið Deloitte á Egilsstöðum sér um skoðun reikninga. Skrifstofa SSA sinnir daglegum verkefnum á vegum samtakanna í samráði við stjórn SSA. Starfsemin er margþætt, þar má telja umsagnir um frumvörp sem lögð eru fram á Alþingi, vinna við sóknaráætlun landshluta, samskipti við önnur landshlutasamtök, samskipti við starfsmenn stjórnarráðsins, sveitarstjórnarmenn á starfssvæði SSA, starfsmenn Austurbrúar og íbúa Austurlands.

## SAMSKIPTI VIÐ ÞINGMENN

Samskipti við þingmenn kjördæmisins eru regluleg, bæði með formlegum hætti eða með óformlegum samskiptum. Landshlutasamtökin eru þannig byggð upp að samskipti á milli kjörinna fulltrúa á Alþingi og stjórnarmanna samtakana eru mjög regluleg. Þingmenn halda kjördæmafundi sem skipulagðir eru af starfsmanni SSA. Þar koma saman sveitarstjórnarfolk, stjórnarmenn og framkvæmdastjórar helstu stofnana landshlutans og stjórnarmenn SSA. Formaður og fulltrúi sveitarstjórnarmála áttu fund í Reykjavík með fjárlaganefnd, þingmönnum kjördæmisins og forsvarsmönnum hinna ýmsu stofnana þar sem farið var yfir samþykktir aðalfundar SSA og önnur þau mál sem stjórn SSA taldi mikilvægt að ræða við viðkomandi aðila.

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samband íslenskra sveitarfélaga gengst fyrir fundum og ráðstefnum sem fulltrúar SSA sækja eftir því sem við á. Þó eru ákveðnar ráðstefnur sem fulltrúar samtakanna sækja árlega, s.s. fjármálaráðstefna og landsþing þau ár sem það er haldið. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur aukið þjónustu sína við sveitarfélögin jafnt og þétt. Þjónusta sambandsins er landshlutasamtökum eins og SSA mikilvæg.

## LANDSHLUTASAMTÖK SVEITARFÉLAGA

Starf landshlutasamtaka sveitarfélaga byggir á ákvæði 97. gr. sveitarstjórnarlaga nr.138/2011 þar sem segir:

„Sveitarfélögum er heimilt að starfa saman innan staðbundinna landshlutasamtaka sveitarfélaga er vinni

að sameiginlegum hagsmunamálum sveitarfélaganna í hverjum landshluta. Starfssvæði landshlutasamtaka fer eftir ákvörðun aðildarsveitarfélaga

mikilvægt að gæta hagsmuna landshlutasamtakanna gagnvart ríkisvaldinu. Það á við bæði á fjárhagslegu sviði og lagalegu. Á vegum stjórnvalda er



sem staðfest hefur verið af ráðuneytinu. Landshlutasamtök skulu þó aldrei vera fleiri en átta á landinu öllu. Sveitarfélög sem liggja innan starfssvæðis landshlutasamtaka eiga rétt á aðild að þeim. Ráðuneyti og opinberar stofnanir skulu ávallt leita umsagnar hlutaðeigandi landshlutasamtaka um stefnumótun eða ákvarðanir sem varða viðkomandi landsvæði sérstaklega. Landshlutasamtök geta með samningum eða samkvæmt heimildum í sérlögum tekið að sér verkefni eða aðra starfsemi sem tengist hlutverki þeirra skv. 1. mgr., svo sem verkefni tengd byggðapróun eða öðrum sameiginlegum hagsmunum sveitarfélaga.“

Samskipti milli starfsmanna landshlutasamtakanna eru sífellt að aukast enda hafa verkefni sem samtökin koma að aukist í gegnum árin. Þar má nefna almenningssamgöngur sem eru mikið hagsmunamál fyrir landsbyggðina og

unnið að stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014-2017 og samgöngu- og fjarskiptaáætlun fyrir árin 2015-2026. Landshlutasamtök sveitarfélaga koma að þessari vinnu með mismunandi hætti. Skipting fjármuna frá ríkisvaldinu til verkefna sem koma inn í landshlutana er eitt af þeim verkefnum sem koma inn á fundi landshlutasamtakanna. Fulltrúar SSA hafa lagt ríka áherslu á að við skiptingu fjármagns, s.s. til menningarsamninga og sóknaráætlunar sé tekið tillit til mismunandi aðstæðna landshlutana, m.a. hvað fjarlægð frá höfuðborg og þéttleika byggðar varðar.

Haldnir eru reglulegir fundir um hin ýmsu mál. Árlega er haldinn samfundur þar sem ákveðin mál eru tekin sérstaklega fyrir. Fundurinn á starfsárinu var haldinn á vegum Eypings á Norðurlandi. Formaður stjórnar SSA og framkvæmdastjóri Austurbrúar sóttu fundinn.

## Helstu verkefni SSA á starfsárinu

### BROTTHÆTTAR BYGGÐIR

SSA átti fulltrúa í starfshópi um verkefnið „Brothættar byggðir“ sem sett var á laggirnar um málefni Breiðdalshrepps. Verkefnið er leitt af Byggðastofnun sem fékk Sigurborgu K. Hannesdóttur sem ráðgjafa að verkefninu. Reglulegir fundir voru haldnir í verkefnastjórninni, auk þess sem haldnir voru íbúafundir. Aðferðin sem notuð er í verkefninu er áhugaverð og mætti nota í fleiri byggðarlögum þó þær flokkist ekki undir brothættar byggðir. Starfsmenn Austurbrúar áttu nokkra fundi með ákveðnum hópum í Breiðdalshreppi, til að fylgja eftir verkefnum sem urðu til á íbúafundum.

### SAMSTARFSNEFND SSA

Starf samstarfsnefndar hefur legið niðri að mestu leyti undanfarin misseri. Mikilvægt er fyrir aðalfund SSA að móta starf nefndarinnar betur og fela henni ákveðin verkefni. Á aðalfundi SSA 2013 voru afgreiddar samþykktir fyrir samstarfsnefnd.

### SAMGÖNGUNEFND SSA

Samgöngunefnd heldur 2-6 fundi árlega. Á þeim fundum er farið yfir verkefni sem brýn eru í samgöngumálum. Þá er fundað með fulltrúum Vegagerðarinnar um þau verkefni sem eru á döfinni í landshlutunum. Nefndin átti fund með innanríkisráðherra, þar sem kynntar voru áherslur síðasta aðalfundar SSA. Á aðalfundi SSA 2013 voru afgreiddar samþykktir fyrir samgöngunefnd.

### ALMENNINGSSAMGÖNGUR Á AUSTURLANDI

Skipulag og rekstur Almenningsgangna á Austurlandi heyrir undir starfsvið SSA. Starfsmaður Austurbrúar hefur séð um skipulag og útfærslu á verkefninu. Góðar almenningsgangur eru þáttur í eflingu byggðar, þar sem fólk getur ferðast milli staða/landshluta með heildstæðu skipulögðu kerfi. Þess vegna er mikilvægt að lagaumhverfið sé þannig að hægt sé að skipuleggja slíkt kerfi um landið. Það, að aðilar í rútbílaakstri geti haldið uppi ferðum á leiðum almenningsvagna yfir háannatímann, gerir það að verkum að erfitt er að reka almenningsgangur árið um kring. Það er ekki vilji SSA að standa að rekstri almenningsgangna. Ríkisvaldið tók þá ákvörðun að 1. janúar 2012 skyldi þessi rekstur færast yfir á samtökin.

Það er mikilvægt að lagaumhverfið verði gert þannig úr garði að hægt sé að sinna málaflöknum sem skyldi. Þá er brýnt að ríkisvaldið komi með fjármagn til að standa undir rekstri almenningsgangna um hinar dreifðu byggðir landsins, enda um mikilvægt byggðamál að ræða.

### MENNINGARMÁL

Stjórn SSA hefur átt marga fundi um menningarsamning Austurlands við ráðuneyti mennta- og menningarmála vegna skiptingu fjár á milli landshlutanna til menningarmála. Það er mat stjórnar að taka þurfi tillit til þeirra svæða sem lengst eiga að fara á staði þar sem ríkisstyrkt menningarstarfsemi er rekin allt árið. Vel hefur verið unnið úr þeim fjármunum sem koma til Austurlands í gegnum menningarsamning. Ráðgjafafyrirtækið Capacent var fengið af mennta- og menningarmálaráðuneyti til að gera úttekt á menningarsamningum landshlutanna. Austurland kom best út úr þeirri úttekt og ber að þakka menningarfulltrúa Austurlands gott starf.

### SAMSKIPTI SSA OG HEILBRIGÐISEFTIRLITS AUSTURLANDS (HAUST)

Sveitarfélögin standa að byggðasamlagi um rekstur HAUST og skipa í heilbrigðisnefnd. Ítarlega ársskýrslu HAUST fyrir starfsárið 2012 má nálgast á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

### FRAMTÍÐ ATVINNUPRÓUNARSJÓÐS AUSTURLANDS (ASAUST)

Á aðalfundi SSA í september 2013 voru afgreiddar nýjar samþykktir fyrir Atvinnuþróunarsjóð Austurlands. Með samþykktunum er Austurbrú falið að varðveita sjóðinn og halda utan um starfsemi hans. Samkvæmt 4. gr. sjóðsins kýs aðalfundur SSA sjóðsstjórn. Til þess að brúa ákveðið bil fram að aðalfundi SSA 2014, hefur stjórn samtakanna tilnefnt fulltrúa í stjórn.

### Ýmis verkefni stjórnar/forsvarsmanna SSA starfsárið 2012-2013

#### STJÓRN SSA HEFUR KOMIÐ AÐ ÝMSUM VERKEFNUM Á STARFSÁRINU. MÁ ÞAR NEFNA:

- FormaðurstjórnarSSAhefursóttfundir á vegum sveitarstjórnarvettvangs EFTA á Íslandi, í Belgíu og Noregi. SSA fer með forystu á þessum vettvangi fyrir landshlutasamtökin.

- Stjórn SSA tilnefndi fulltrúa í skólanefnd Verkmenntaskóla Austurlands og Menntaskólans á Egilsstöðum.
- Framkvæmdastjóri Austurbrúar og formaður stjórnar SSA sóttu aðalfund Byggðastofnunar sem haldin var í Varmahlíð, Skagafirði.
- Stjórn SSA úthlutaði kr. 200.000 til fjögurra einstaklinga úr sjóði Ragnhildar B. Metúsalemsdóttur og Stefáns Péturssonar árið 2013. Ákveðið var í framhaldinu að úthluta annað hvert ár úr sjóðnum.
- Stjórn SSA tilnefndi aðila í starfshóp til að fara yfir refa- og minkaveiðar og skila tillögum til stjórnar um samræmdar aðgerðir sveitarfélaga á Austurlandi um það hvernig standa skuli að veiðum og greiðslum fyrir refa- og minkaveiðar. Ráðuneyti umhverfismála tók málið upp á sína arma fljótlega eftir að starfshópurinn var skipaður og lagði fram tillögur um tilhögun veiðana. Því þótti ekki ástæða, a.m.k. ekki að sinni, til að leggja frekari vinnu í málið.
- Stjórn SSA fór fram á það við innanríkisráðherra að skipaður yrði starfshópur til að skoða verðlagningu á innanlandsflug.

### LOKAORÐ

Samantekt þessi fjallar um nokkur af þeim málefnum sem stjórn SSA kom að á starfsári samtakanna 2012-2013. Verkefni SSA eru vaxandi og kalla oft á sérfræðivinnu á ákveðnum sviðum. Slíkt veldur auknum kostnaði sem mæta þarf með frekari álögum á sveitarfélögin. Það er því mikilvægt að landshlutasamtökin fari í vinnu með ríkisvaldinu um það hvaða sess þau fái til framtíðar í stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Frekari upplýsingar um verkefni SSA er að finna í fundargerðum stjórnar SSA og framkvæmdaráðs, sem finna má á heimasíðu Austurbrúar.

Ég vil að lokum nota þetta tækifæri til að þakkastjórn SSA, sveitarstjórnarmönnum á Austurlandi og öðru samstarfsfólki ánægjulegt og lærdómsríkt samstarf á liðnu starfsári.

Með kveðju

*f.h. stjórnar SSA,  
Valdimar O. Hermannsson formaður*





# Samband sveitarfélaga á Austurlandi

---

Ársreikningur

---

**2013**

---

Samband sveitarfélaga á Austurlandi  
Bakka 3  
765 Djúpivogur  
kt. 560276-0289





# Samband sveitarfélaga á Austurlandi

---

Ársreikningur

---

**2013**

## **Efnisyfirlit**

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Áritun stjórnar, framkvæmdastjóra og skoðunamanna	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar og sundurliðanir	7-11

---

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Sambands sveitarfélaga á Austurlandi fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggir á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

## Ályktun


Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu, efnahag þess 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Ábending

Án þess að gera fyrirvara við ofangreint álit okkar vekjum við athygli á skýringu nr. 8 í ársreikningnum, en þar er gerð grein fyrir kröfu vegna lögbanns. Óvissa ríkir um endanlega niðurstöðu málsins.

Egilsstaðir, 11. september 2014.

Deloitte ehf.

  
Sigurður Álfgeir Sigurðarson

endurskoðandi

## Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Ársreikningur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi fyrir árið 2013 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga á Austurlandi að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sambandsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á Austurlandi staðfesta hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

Seyðisfirði, 11. september 2014

Í stjórn



Stjórn Bogi L.

Stjórn

Arnljófr Sveinsdóttir

Eydlis Asbjörnsdóttir



Framkvæmdastjóri



## Áritun skoðunarmanna

---

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn höfum yfirfarið meðfylgjandi ársreikning Sambands sveitarfélaga á Austurlandi fyrir árið 2013. Við höfum ritað stjórn SSA erindi þar sem við höfum komið ákveðnum athugasemdum á framfæri er varða verkferla og innra eftirlit. Við leggjum til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Egilsstöðum, 11. september 2014



Gunnlaugur Guðjónsson



Þórunn Hálfðanardóttir

# Rekstrarreikningur 2013

	Skýr	Áætlun		
		2013	2013	2012
<b>TEKJUR</b>				
Framlög sveitarfélaga.....		9.050.000	9.050.000	9.050.000
Framlög jöfnunarsjóðs.....		22.822.350	20.000.000	23.217.697
Framlög frá ríkinu vegna sóknaráætlunar.....		30.370.400	2.500.000	0
Aðrar tekjur.....	9	50.812.850	52.000.000	59.188.571
		<u>113.055.600</u>	<u>83.550.000</u>	<u>91.456.268</u>
<b>REKSTRARKOSTNAÐUR</b>				
Laun og launatengdur kostnaður.....	10	14.558.523	1.780.000	15.252.697
Annar stjórnunarkostnaður.....	11	10.101.571	19.220.000	13.447.367
Funda- og ferðakostnaður.....	12	7.404.693	7.600.000	6.149.191
Sérverkefni.....	13	67.451.264	49.790.000	56.502.404
		<u>99.516.051</u>	<u>78.390.000</u>	<u>91.351.659</u>
<b>Afkoma fyrir vexti</b>		13.539.549	5.160.000	104.609
<b>FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD)</b>				
Vaxtatekjur.....		505.979	500.000	524.222
Vaxtagjöld.....		-54.913	-100.000	-76.132
		<u>451.066</u>	<u>400.000</u>	<u>448.090</u>
<b>Afkoma af reglulegri starfsemi</b>		13.990.615	5.560.000	552.699
<b>AÐRIR REKSTRARLIÐIR</b>				
(Hækkun) lífeyrisskuldbindingar.....		-2.844.908	-4.000.000	-2.459.150
		<u>-2.844.908</u>	<u>-4.000.000</u>	<u>-2.459.150</u>
<b>Rekstrarafkoma á árinu</b>		<u>11.145.707</u>	<u>1.560.000</u>	<u>-1.906.451</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2013

	Skýr	<u>2013</u>	<u>2012</u>
<b>PENINGALEGAR EIGNIR</b>			
<b>Veltufjármunir</b>			
Sveitarfélagið Hornafjörður.....	3	1.200.000	1.200.000
Krafa á Ríkissjóð vegna AST.....	7	4.000.000	8.000.000
Krafa vegna lögbanns.....	8	7.000.000	7.000.000
Skammtímakröfur.....	4	5.147.749	5.016.974
Handbært fé.....	4	30.645.117	10.331.454
		<u>47.992.866</u>	<u>31.548.428</u>
<b>SKULDIR</b>			
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Ógreiddur rekstrarkostnaður.....		-7.104.383	-4.650.560
		<u>-7.104.383</u>	<u>-4.650.560</u>
<b>Peningaleg staða án lífeyrisskuldbindinga</b>		40.888.483	26.897.868
<b>SKULDBINDINGAR:</b>			
Lífeyrisskuldbindingar.....	6	-62.509.593	-59.664.685
		<u>-62.509.593</u>	<u>-59.664.685</u>
<b>Peningaleg staða samtals</b>		<u>-21.621.110</u>	<u>-32.766.817</u>
<b>ADRIR LIÐIR</b>			
Eiginfjárliðir (neikvæðir).....	5	21.621.110	32.766.817
		<u>21.621.110</u>	<u>32.766.817</u>

# Yfirlit um sjóðstreymi 2013

	<u>2013</u>	<u>2012</u>
<b>REKSTRARHREYFINGAR</b>		
Afkoma af reglulegri starfsemi.....	13.990.615	552.699
<b>Veltufé frá rekstri</b>	13.990.615	552.699
<b>Breytingar á skammtímalíðum</b>		
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun.....	3.869.225	-17.466.590
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun).....	2.453.823	2.708.479
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	20.313.663	-14.205.412
Hækkun handbærs fjár.....	20.313.663	-14.205.412
Handbært fé í ársbyrjun.....	10.331.454	24.536.866
<b>Handbært fé í lok ársins</b>	<u>30.645.117</u>	<u>10.331.454</u>

# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) eru ein af átta landshlutasamtökum sveitarfélaga á Íslandi og starfa á grundvelli laga nr. 45/1998 um sveitarfélög. Starfssvæði SSA nær frá Vopnafjarðarhreppi í norðri til Djúpavogshrepps í suðri.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur SSA fyrir árið 2013 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum, gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður og í íslenskum krónum.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 er sýnd til samanburðar í sundurliðunum með ársreikningnum, svo og í rekstrarreikningi.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Skattamál

Stofnunin er undanþegin tekjuskatti.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði. Ekki er talin ástæða til sérstakrar niðurfærslu krafna.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að stofnunin verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

## 3. Sveitarfélagið Hornafjörður og Langanesbyggð

Í árslok 2008 gekk Sveitarfélagið Hornafjörður úr Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi. Hlutdeild þess sveitarfélags í neikvæðri hreinni eign sambandsins á útgöngudegi var metin kr. 3.685.837 og er samkomulag um fjárhæðina. Sveitarfélagið greiddi rúmlega tvo þriðju fjárhæðarinnar á árunum 2011 og 2012, og mun greiða afganginn á næsta ári.

Á árinu 2006 sameinaðist Skeggjastadahreppur Þórshafnarhreppi í sveitarfélaginu Langanesbyggð, sem hefur tilkynnt aðild að Eyþingi. Hlutdeild þess sveitarfélags í neikvæðri hreinni eign sambandsins á útgöngudegi var metin kr. 222.158, og hefur sveitarfélagið greitt hana að fullu.



# Skýringar

## 4. Aðrar peningalegar eignir

	31.12.2013	31.12.2012
<b>Skammtímakröfur</b>		
Viðskiptakröfur .....	4.285.037	3.965.426
Virðisaukaskattur .....	862.712	1.051.548
	<u>5.147.749</u>	<u>5.016.974</u>
<b>Handbært fé</b>		
Vaxtareikningur Landsbanka Íslands .....	12.562.687	5.468.655
Veltureikningar .....	18.082.430	4.862.799
	<u>30.645.117</u>	<u>10.331.454</u>

## 5. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:

	2013	2012
Eigið fé frá fyrra ári.....	-32.766.817	-30.860.366
Afkoma ársins.....	11.145.707	-1.906.451
	<u>-21.621.110</u>	<u>-32.766.817</u>

## 6. Lífeyrisskuldbindingar

Á SSA hvílir skuldbinding vegna lífeyrisgreiðslna til fyrrverandi starfsmanna. Gerð hefur verið tryggingafræðileg úttekt á skuldbindingunni. Samkvæmt þeim útreikningi nemur hún 62,5 m.kr. króna í árslok 2013, og hefur hækkað um 2,8 m.kr. á árinu. Skuldbindingin er færð í ársreikninginn og hækkun hennar gjaldfærð meðal annarra rekstrarliða í rekstrarreikningi. Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga á árinu 2013 námu kr. 3.032.532, en kr. 2.726.716 á fyrra ári.

## 7. Austfirskar stoðstofnanir

Þann 8. maí 2012 var haldinn stofnfundur Austurbrúar, þar sameinuðust Þróunarfélag Austurlands, Þekkingarnet Austurlands, Menningarráð Austurlands og Markaðsráð Austurlands. Stofnaðilar Austurbrúar eru átta sveitarfélög á Austurlandi auk 24 stofnana sem starfa á landsvísi. Tilgangur Austurbrúar er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Austurlandi og leitast þannig við að veita þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu. Starfsmenn Austurbrúar sinna verkefnum og rekstri sem tengjast SSA. Við stofnun Austurbrúar lagði SSA út fyrir ákveðnum kostnaði vegna þessa. Samkvæmt samantekt KPMG endurskoðunar nam heildarkostnaður við verkefnið um 26,4 milljónum króna, þar af er hlutur SSA um 20,7 milljónir króna. SSA fékk styrk frá Mennta- og menningamálaráðuneytinu að upphæð 12,0 milljónir króna til þess að mæta stofnkostnaði við Austurbrú. Samkvæmt samningi við ráðuneytið greiðist styrkurinn með fimm greiðslum og í lok ársins 2013 er óinnheimtar 4,0 milljónir króna af styrknum.

## 8. Krafa vegna lögbanns

18. júlí 2012 fór SSA fram á lögbann vegna reglubundinna fólksflutninga Sternu á leiðinni milli Hafnar og Egilsstaða, þar sem SSA telur sig hafa sérleyfi á þessari leið. Lögbanninu var hnekkð með dómi héraðsdóms 6. maí 2013. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar og úrskurðaði hann þann 28. nóvember 2013 Sternu í vil. SSA var dæmt til þess að greiða Sternu 0,5 millj. í málskostnað. Sterna hefur höfðað skaðabótamál gegn SSA, krafist er skaðabóta upp á ríflega 475 millj. Frávísunar hefur verið krafist af hálfu SSA. Óvissa ríkir um endanlega niðurstöðu þessa máls, en þær 7 milljónir sem SSA greiddi sem tryggingu fyrir hugsanlegu tjóni Sternu eru enn færðar meðal eigna í ársreikningi SSA og ekkert hefur verið fært til gjalda til að mæta hugsanlegu tjóni.

# Sundurliðanir

	2013	Áætlun 2013	2012
<b>9. Aðrar tekjur og framlög</b>			
Framlög v/ AST.....	0	4.000.000	12.000.000
Framlög v/ almenningssamgangna.....	50.812.850	48.000.000	46.013.071
Rútufargjöld.....	0	0	1.175.500
Framlög vegna sóknaráætlunar.....	30.370.400	0	0
	<u>81.183.250</u>	<u>52.000.000</u>	<u>59.188.571</u>
<b>10. Laun og launatengdur kostnaður</b>			
Laun framkvæmdastjóra.....	1.276.687	0	4.600.718
Áunnið orlof framkvæmdastjóra, hækkun.....	0	0	-505.000
Laun og tengd gjöld v/AST verktakagr. ....	6.569.544	0	4.543.700
Laun vegna stofnunar AST.....	0	0	1.202.716
Laun vegna almenningssamgangna.....	2.520.250	0	0
Laun stjórnar, formanns og nefnda.....	3.196.064	1.400.000	3.275.059
Mótframlag til lífeyrissjóða.....	418.370	200.000	1.020.257
Starfsmannatryggingar og stéttarfélagsgjöld.....	24.311	0	124.830
Tryggingagjald.....	548.797	180.000	990.417
Námskeið .....	4.500	0	0
	<u>14.558.523</u>	<u>1.780.000</u>	<u>15.252.697</u>
<b>11. Annar stjórnunarkostnaður</b>			
Greitt vegna lífeyrisskuldbindinga.....	3.032.532	2.600.000	2.726.716
Aðkeypt skrifstofuþjónusta.....	2.433.641	13.000.000	561.093
Húsnæðiskostnaður.....	3.225	0	247.991
Póstur, burðargjöld, sími.....	16.188	0	221.498
Reikningsskil og endurskoðun.....	1.280.035	500.000	767.847
Lögfræði- og málskostnaður .....	2.460.748	0	0
Aðkeypt tölvuþjónusta.....	46.566	0	89.590
Aðkeypt sérfræðiþjónusta .....	108.678	1.000.000	2.586.538
Aðkeypt sérfræðiþjónusta vegna AST.....	122.400	0	4.182.620
Ferðakostnaður vegna AST.....	0	0	1.651.023
Pappír, prentun og ritföng.....	101.054	0	55.369
Tímarit og fræðibækur.....	27.740	20.000	40.340
Viðhald.....	142.020	0	0
Ýmsir styrkir.....	230.000	0	180.000
Gjafir vegna afmæla o.fl. ....	22.960	100.000	13.818
Auglýsingar.....	66.264	0	85.840
Þjónustugjöld banka.....	7.520	0	14.796
Tryggingar innbús.....	0	0	22.288
Annað.....	0	2.000.000	0
	<u>10.101.571</u>	<u>19.220.000</u>	<u>13.447.367</u>

# Sundurliðanir

	2013	Áætlun 2013	2012
<b>12. Funda- og ferðakostnaður</b>			
Akstur framkvæmdastjóra og skrifstofufólks.....	1.045.350	3.000.000	684.062
Aðalfundur.....	2.063.826	2.000.000	1.084.350
Stjórnarfundir.....	413.548	400.000	328.408
Dagpeningar.....	529.680	200.000	409.190
Akstur vegna stjórnarfunda.....	1.199.975	1.000.000	1.676.194
Annar ferða- og fundakostnaður.....	2.032.745	500.000	1.660.883
Samstarf landshlutasamtaka.....	0	250.000	195.929
Ráðstefnur o.fl.....	119.569	250.000	110.175
	<u>7.404.693</u>	<u>7.600.000</u>	<u>6.149.191</u>
<b>13. Sérverkefni</b>			
Framlög v / almenningsamgangna.....	35.379.143	48.000.000	51.661.206
Samstarfsverkefni.....	31.418.455	900.000	4.280.398
Ljósmyndasafn Austurlands.....	396.666	400.000	360.800
Menningarverðlaun SSA.....	250.000	250.000	200.000
Ferðamálasamtök Austurlands.....	0	240.000	0
Annað.....	7.000	0	0
	<u>67.451.264</u>	<u>49.790.000</u>	<u>56.502.404</u>

